


Barnaheill

2017

**Barnaheill**

**Blað Barnaheilla**
**– Ársrit júní 2017**

**Útgefandi:**
Barnaheill – Save the Children á Íslandi

**Ritstjóri:** Sigríður Guðlaugsdóttir

**Ábyrgðarmaður:** Erna Reynisdóttir

**Forsíðumynd:** Baldur Kristjáns tók mynd af verndara Vináttu, Guðna Th. Jóhannessyni og forsetafrúnni Elizu Reid með Blæ bangsa á Bessastöðum

**Myndir á innsíðum:** Sigríður Guðlaugsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir, Barnaheill – Save the Children og Baldur Kristjáns

**Prentvinnsla:**
Litróf–Umhverfisvottuð prentsmiðja

ISSN 1021-7134

# EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns . . . . . 3
Framtíðarsýn . . . . . 4
Hjólasöfnun . . . . . 6
Barnaréttindaverðlaunin . . . . . 8
Viðurkenning Barnaheilla . . . . . 9
Þorgrímur Þráinsson . . . . . 10
Fátækt . . . . . 13
Umhverfisstefna Barnaheilla . . . . . 16
Umfjöllun um börn í fjölmiðlum . . . . . 17
Ævintýrið um Vináttu . . . . . 18
Verkefnin í töskunni . . . . . 20
Upphaf Vináttu . . . . . 21
Galdurinn við Vináttu . . . . . 22
Gott er að eiga vin . . . . . 23
Verndari Vináttu . . . . . 24
Ungmennaráð . . . . . 26
Foreldraútilokun . . . . . 30
Heimilisfriður fyrir börnin . . . . . 32
Börn án bernsku . . . . . 34
Flóttabörn . . . . . 35
Erlent starf . . . . . 36
Nýir talsmenn barna . . . . . 38
Stuðningur . . . . . 40
Við erum Barnaheill . . . . . 42






# KÆRI LESANDI!

**Blað Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er nú komið út fimmta árið í röð. Í blaðinu eru helstu verkefnum Barnaheilla gerð skil og sagt frá störfum samtakanna.**

Markmið Barnaheilla er ávallt að berjast gegn hvers kyns ofbeldi og misrétti gagnvart börnum. Rík áhersla er lögð á að kynna Barnasáttmálann fyrir börnum og foreldrum þeirra, sem og að vekja stjórnvöld til vitundar um ákvæði hans. Það er gert í formi lagaumsagna þar sem tækifæri gefst til að benda stjórnvöldum á að gæta hagsmuna barna.

Af innlendu starfi ber hæst Vináttuverkefni Barnaheilla sem er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leik- og grunnskóla. Vinátta hefur nú verið innleidd í rúmlega 80 leikskóla og í haust hefst undirbúningur undir innleiðingu þess í grunnskóla. Þetta verkefni hefur þegar sannað gildi sitt. Rannsóknir í Danmörku, þaðan sem verkefnið er upprunnið, hafa einnig leitt í ljós mjög góðan árangur af notkun þess.

Ungmennaráð Barnaheilla hefur undanfarið ár haft mörg járn í eldinum. Við erum stolt af ungmennunum sem veita stjórn og starfsfólki aðstoð við að sjá heiminn frá sjónarhorni barna.

Á hverju ári veita samtökin viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenninguna hlaut að þessu sinni Þorgrímur Þráinsson rithöfundur sem hefur skrifað fjölmargar barna- og unglingabækur. Þorgrímur heldur árlega fyrirlestra um heilbrigðan lífsstíl og jákvætt hugarfar í skólum um allt land. Í blaðinu er áhugavert viðtal við hann.

## FÁTÆKT BARNA Á ÍSLANDI

Barnaheill - Save the Children á Íslandi benda reglulega á hvað betur má fara hér á landi þegar kemur að grundvallar mannréttindum og jöfnuði. Mannréttindi eiga hvorki að vera háð efnahag né völdum. Samkvæmt opinberum tölum er talið að foreldrar um níu þúsund barna séu undir lágtekjumörkum sem er með öllu óásættanlegt. Þegar kemur að sjálfsögðum mannréttindum eins og skólagöngu, verður að tryggja að börn sitji við sama borð óháð efnahagsstöðu foreldra þeirra. Í baráttu gegn misrétti á þessu sviði hafa Barnaheill skorað á stjórnvöld að tryggja að grunnskólar landsins verði gjaldfrjálsir og heimili ekki krafin um kaup á námsgögnum. Undirskriftasöfnun fylgdi eftir áskoruninni og söfnuðust yfir fimm þúsund undirskriftir.

Ríkisvaldið og sveitarstjórnir bera aðalábyrgð þegar kemur að sanngjarnri dreifingu fjármagns til að jöfnuður megi ríkja. Staðreyndin er hins vegar sú að það búa ekki allar fjölskyldur við sjálfsögð mannréttindi á Íslandi. Sumar fjölskyldur búa við óviðunandi húsnæðisaðstæður og ekki er nýlunda að frétta af börnum sem hafa gengið í allt að fjóra grunnskóla vegna tíðra flutninga fjölskyldunnar.

Afleiðingar fátæktar og óstöðugleika á bernskuárum geta haft víðtæk og skaðleg áhrif á börn. Mörg hver finna til vanmáttar og glíma við brotna sjálfsmynd.

## UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND

Síðustu ár hefur þeim fjölgað sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Hluti umsækjenda eru fjölskyldur með börn, eða fylgdarlaus börn. Á meðan margra mánaða málsmeðferð stendur búa þessi börn ekki við nægilega góðan aðbúnað eða líðan. Þeim er til að mynda oft á tíðum ekki gert kleift að stunda nám á meðan á biðinni stendur. Sum búa við samfélagslega einangrun svo mánuðum skiptir svo ekki sé talað um óvissu um framtíðina. Það er mikilvægt að íslensk stjórnvöld finni lausnir við þessum vanda hið bráðasta. Flýta þarf málsmeðferð og tryggja börnum grundvallarmannréttindi, réttinn til að stunda nám og tómstundir, umgangast jafnaldra sína og njóta jöfnuðar.

## HEIMUR BATNANDI FER

Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, og forsetafrúin, Eliza Reid, prýða forsíðu blaðsins í ár. Barnaheillum til ómældrar ánægju féllst forsetinn á að gerast verndari Vináttuverkefnisins og er viðtal við þau hjónin í blaðinu um vináttu í verki.



*Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla, heimsótti flóttamannabúðirnar í Za‘atari í Jórdaníu í tengslum við árlegan fund alþjóðasamtakanna.*

Í áhrifaríkri ræðu sem hann hélt við afhendingu Viðurkenningar Barnaheilla í nóvember sagði hann meðal annars:

„Ég trúi því að heimurinn fari batnandi, þótt enn megi margt svo miklu betur fara. Í dag reynum við að aðstoða börn sem búa við kröpp kjör, líka þau sem njóta ekki þess öryggis innan veggja heimilisins sem þau eiga skilið. [...] Frá stofnun Barnaheilla árið 1989 hafa þau unnið að því að bæta hag barna. Sýn þeirra er skýr; „heimur þar sem réttur sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og þátttöku er virtur.“

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks eru Guðna færðar innilegar þakkir fyrir þessi hvatningar- og bjartsýnisorð.

Hvað sem á dynur megum við hvorki sem einstaklingar, hópur né heild missa von - og trú - um að geta meira og gera meira fyrir börn þessa heims.

Að lokum eru öllum þeim sem styrkt hafa starf samtakanna á Íslandi með einum eða öðrum hætti færðar þakkir. Sérstakar þakkir fær frú Vigdís Finnbogadóttir, verndari Barnaheilla. Vigdís hefur frá stofnun veitt starfsmönnum og stjórn stuðning og hvatningu. Barnaheill þakka einnig samstarf við fyrirtæki og félagasamtök. Að lokum, bestu þakkir til fyrrverandi og núverandi stjórnarmeðlima og starfsfólks og síðast en ekki síst kærar þakkir til allra þeirra sem lagt hafa útgáfu Blaðs Barnaheilla árið 2017 lið.

Lifið heil,

**Kolbrún Baldursdóttir**
formaður Barnaheilla
– Save the Children á Íslandi

# FRAMTÍÐARSÝN, MARKMIÐ OG STEFNA BARNAHEILLA

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi** voru stofnuð árið 1989 og eru hluti af alþjóðasamtökum Save the Children sem samanstanda af 30 landsfélögum með starfsemi í 120 löndum. Til þess að þjóna hagsmunum barna á sem árangursríkastan hátt er reglulega farið í stefnumótunarvinnu þar sem framtíðarsýn og markmið samtakanna eru endurskoðuð og mótuð og aðgerðaráætlanir settar fram. Á síðastliðnu ári unnu stjórn, starfsfólk, ungmennaráð Barnaheilla og hagsmunaaðilar að mótun stefnu samtakanna fyrir árin 2016-2018. Framtíðarsýn samtakanna til ársins 2030 var formuð í takt við stefnumótun alþjóðasamtakanna okkar. Hrönn Pétursdóttir, ráðgjafi, var fengin til þess að stýra þessari vinnu sem hún gerði af mikilli röggsemi og kunnum við henni bestu þakkir fyrir. Afraksturinn af vinnunni settum við upp í myndrænt form sem sjá má á meðfylgjandi myndum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er nú sem áður leiðarljós samtakanna enda byggist stefnumótunin á þeim grundvallarréttindum sem þar koma fram. Markmið okkar til næstu þriggja ára endurspegla þær áherslur. Þau styrkja einnig innri stoðir samtakanna til að gera okkur kleift að vinna að velferð og réttindum barna sem mest og best. Bakvið hvert markmið standa svo aðgerðaráætlanir fyrir þau verkefni sem við munum sinna á tímabilinu.

Stefnumótun felst samt sem áður ekki í að útbúa fallegt skjal sem síðan er stungið ofan í skúffu, heldur er það lifandi plagg sem unnið er eftir og tekur breytingum. Í tengslum við stefnumótunarvinnu hafa einnig verið endurskoðaðar/mótaðar allskyns starfsreglur, viðmið, áætlanir og stefnur um hin ýmsu mál sem varða starfsemi samtakanna. Sem dæmi þá hafa samtökin sett sér starfsreglur til dæmis um myndbirtingar af börnum, umhverfisstefnu, reglur um ferðir erlendis, viðmið um opinbera umfjöllun um börn og barnaverndarstefnu. Ýmsar aðrar starfsreglur og viðmið eru í smíðum en það er okkur sem komum að samtökunum mikilvægt að slíkar reglur og viðmið séu sýnileg almenningi á vef samtakanna. Aftar í blaðinu er einnig fjallað ítarlegar um umverfisstefnu og barnaverndarstefnu Barnaheilla.

Málshátturinn „Orð eru til alls fyrst“ á svo sannarlega við þegar framtíðarsýn, markmið og stefnur eru mótaðar. Ég vil koma á framfæri bestu þökkum til allra sem unnið hafa með okkur að þessum málum og deila ástríðunni fyrir því að sérhvert barn sem fæðist á þessari jörð fái uppfylltan rétt sinn til lífs, þroska, menntunar, verndar og þátttöku.



**Erna Reynisdóttir,**

framkvæmdastjóri Barnaheilla

– Save the Children á Íslandi




*Framtíðarsýn okkar hjá Barnaheillum er heimur þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs, menntunar, verndar og að láta rödd sína heyrast.*




*Markmið Barnaheilla næstu þrjú árin.*


Við viljum hafa pláss fyrir allt
Lífið tekur breytingum með tímanum. Börnin stækka, þeim fjölgar, áhugamálin breytast, ferðalögin lengjast. Það sem ekki breytist er að við þurfum pláss fyrir alla og allt sem þeim fylgir.
Þegar þörf er á brúar Arion bílafjármögnun bilið í bílakaupunum.
Kynntu þér kjörin og ólíkar leiðir á arionbanki.is
Arion banki
– fyrir framtíðina



*Á myndinni eru frá vinstri Guðmundur Tryggvi Ólafsson hjá Sorpu, Liv Sólrún Bastiansdóttir, Villi Vísindamaður, Erna Reynsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, Úlfur Sær Bastiansson, Aðalsteinn Gunnarsson frá IOGT og Matthildur Sóley Eggertsdóttir.*

**Villi Vísindamaður afhenti fyrsta hjólið í Hjólasöfnuninni í Sorpu Sævarhöfða 16. mars 2017 og hvatti þannig aðra til að koma ónotuðum hjólum í notkun á ný. Söfnunin stóð yfir til 15. maí og úthlutanir fóru fram að loknum viðgerðum hjólanna.**

**Liv Sólrún Bastiansdóttir (10 ára) og Úlfur Sær Bastiansson (8 ára) úr Víðistaðaskóla afhentu einnig hjól í Söfnunina og Matthildur Sóley Eggertsdóttir (7 ára) úr Langholtsskóla tók á móti hjólunum.**




# 1500 BÖRN HAFA FENGIÐ HJÓL ÚR HJÓLASÖFNUNINNI

**Hjólasöfnun Barnaheilla fór fram í sjötta sinn í vor. Um 300 börn fengu hjól í ár, en áður höfðu 1.200 börn notið góðs af söfnunni. Hjólin voru gerð upp og afhent börnum efnaminni foreldra sem sótt hafði verið um fyrir í gegnum félagsþjónustuna, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og grunnskóla landsins.**

Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir styrkri stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Í þeim hópi voru starfsmenn fyrirtækja sem lögðu verkefninu lið og hælisleitendur sem bíða úrskurðar um dvalarleyfi hér á landi.

„Verkefnið hefur gengið frábærlega í ár, það var mikil gleði í hópnum og góð samvinna á milli allra sem styðja verkefnið með framlagi sínu. Sérstaklega voru hælisleitendur hjálpsamir við að leggja sitt af mörkum til þessa þarfa verkefnis ásamt starfsfólki frá ýmsum fyrirtækjum, svo sem Íslandsbanka og Virðingu," segir Ásta Hafberg, verkefnastjóri Hjólasöfnunarinnar.

## HJÓLASALA

Þau hjól sem gengu af voru seld á sérstökum hjólasöludegi á sanngjörnu verði um miðjan maí. Þar á milli var að finna ýmsa dýrgripi fyrir hjólasafnara, gömul DBS og Kalkhoff hjól auk annarra sem ekki hafa verið fáanleg hér á landi um árabil.

Barnaheill vilja þakka öllum þeim sem styrktu hjólasöfnunina með ýmis konar framlagi, meðal annars endurvinnslustöðvum Sorpu, Æskunni barnahreyfingu IOGT, EIK fasteignafélag, Hringrás, Gámaþjónustunni, Íslenska gámafélaginu og fleirum.

**Sigríður Guðlaugsdóttir**

NÝHERJI

# SKEMMTILEGUSTU GRÆJURNAR ERU HJÁ OKKUR

ÓTRÚLEG LEIKJAVÉL



Lenovo

Y720 15,6"

intel CORE i7 inside

Við höfum góða reynslu af framtíðinni

NÝHERJI / BORGARTÚNI 37, MÁN.-FÖS. KL. 9-18 & LAU. KL. 11-15 / KAUPANGI AKUREYRI, MÁN.-FÖS. KL. 9-17 / **NETVERSLUN.IS**



*Páll Valur Björnsson með verðlaunagripinn, bangsa, og viðurkenningarskjal við afhendinguna sem fram fór í Alþingishúsinu þann 16. september 2016.*

**Ungmennaráð Barnaheilla, UNICEF og ráðgjafarhópur umboðsmanns barna telja nauðsynlegt að þingmenn taki meira mið af Barnasáttmálanum í þeim stefnumálum sem þeir taka fyrir og fjalla um á Alþingi. Hingað til hefur að þeirra mati verið mikil vöntun á skilningi hinna fullorðnu á réttindum barna. Börn hafi ekki kosningarétt og þess vegna eigi þau til að gleymast sem hagsmunahópur. Börn eigi sín eigin mannréttindi sem þurfi að vernda og framfylgja.**




# PÁLL VALUR HLAUT FYRSTU BARNARÉTTINDAVERÐLAUNIN

**Páll Valur Björnsson, fyrrverandi þingmaður og talsmaður barna, hlaut Barnaréttindaverðlaunin 2016 sem veitt eru þeim þingmanni sem þykir hafa staðið sig best í að vekja athygli á og berjast fyrir réttindum barna á Alþingi. Að verðlaununum standa ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ungmennaráð UNICEF á Íslandi og ráðgjafarhópur umboðsmanns barna og verða þau afhent árlega.**

Í rökstuðningi ungmennaráðanna kom fram að Páll Valur hafi skarað fram úr öðrum þingmönnum við að vekja athygli á hagsmunum barna á Íslandi, ekki síst þeirra barna sem standi höllum fæti í samfélaginu. Hann hafi þannig reglulega sett upp „barnagleraugun“ í þeim tilgangi að sjá heiminn út frá sjónarhorni barna.

„Páll Valur gerir sér grein fyrir að börn eiga sín eigin mannréttindi sem þarf að vernda og framfylgja. Störf hans hafa verið til fyrirmyndar og munu vonandi verða hvatning fyrir samstarfsmenn hans til þess að berjast fyrir réttindum barna,“ sagði meðal annars í rökstuðningnum.

Herdís Ágústa Linnet, formaður ungmennaráðs Barnaheilla, hélt ræðu við afhendinguna sem fram fór í Alþingishúsinu og benti meðal annars á að börn og ungmenni væru stór hópur, sem alltof oft heyrðist lítið í.

Páll Valur var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu sem samþykkt var vorið 2016, um að 20. nóvember, sem einnig er alþjóðlegur dagur barnsins, verði árlega helgaður fræðslu um réttindi barna í grunnskólum landsins. Hann hefur beitt sér fyrir því að grunnskólanám verði raunverulega gjaldfrjálst, bent á aðstöðuleysi fyrir heimsóknir barna fanga á Litla-Hrauni, lagt fram fyrirspurnir til ráðherra um málefni barna, til dæmis um börn með ADHD og skyldar raskanir, barist gegn efnislegum skorti meðal barna og svo mætti lengi telja.

Auk þess hefur Páll Valur verið óþreytandi við að tala fyrir mannréttindum barna í ræðum sínum á Alþingi, skrifað pistla og greinar og verið sérlega duglegur við að þiggja boð á viðburði, fundi og ráðstefnur þar sem vakin er athygli á réttindum barna.

Páll Valur var einn af sex talsmönnum barna á Alþingi 2014-2016. Hann er nú hættur störfum á Alþingi, en hefur tekið sæti í stjórn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.



*Á myndinni eru í aftari röð frá vinstri: Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Gunnar Ágústsson, ungmennaráði Barnaheilla, Þorgrímur Þráinsson, viðurkenningahafi og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna. Í fremri röð eru Ingibjörg Ragnheiður Linnet, ungmennaráði Barnaheilla og Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet, formaður ráðsins.*

# VIÐURKENNING BARNAHEILLA

**Árlega viðurkenningu Barnaheilla árið 2016 hlaut Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur og fyrirlesari, fyrir að hafa verið börnum góð fyrirmynd með jákvæðri afstöðu sinni til lífsins, heilbrigðu líferni og drifkrafti.**

Barna- og unglingabækur hans, sem telja á þriðja tug, þekkja velflestir íslenskir krakkar. Þær innihalda jákvæðan boðskap og andlega nærandi skilaboð og eru þannig hvatning til yndislestrar. Auk ritstarfa hefur Þorgrímur unnið ötullega að lýðheilsumálum og forvörnum. Hann hefur meðal annars heimsótt skóla um allt land til að hvetja börn til að lifa heilbrigðu og skemmtilegu lífi. Þorgrímur er formaður íþróttafélagsins Vals en hefur einnig gegnt ýmsum hlutverkum í forvarnarmálum, meðal annars sem framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar og með þátttöku við gerð nýrrar lýðheilsustefnu og aðgerðaráætlunar á vegum ráðherranefndar um lýðheilsu.

Við afhendingu viðurkenningarinnar á veitingastaðnum Nauthóli talaði einnig Páll Valur Björnsson, fyrrverandi þingmaður og talsmaður barna á Alþingi og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands sem nýverið tók við hlutverki verndara Vináttuverkefnis Barnaheilla. Þá ávörpuðu samkomuna ungmenni úr ungmennaráði Barnaheilla en þau fluttu einnig tónlistaratriði.

Barnaheill veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Barnasáttmálinn er leiðarljós í öllu starfi Barnaheilla.

## SAMSTARF VIÐ GOOGLE UM FORVARNIR GEGN KYNFERÐISOFBELDI

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi,** sem reka ábendingalínuna, hafa ásamt SAFT komið á samstarfi við netrisann Google um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum. Samstarfið byggist á því að við leit að efni sem inniheldur kynferðisofbeldi gegn börnum birtist aðvörun þar sem varað er við ólögmæti slíkra mynda og viðkomandi er boðið að tilkynna efnið til Ábendingalínu Barnaheilla eða leita sér ráðgjafar hjá Hjálparsíma Rauða krossins.

Google hefur nú um nokkurn tíma boðið slíkt samstarf í mörgum ríkjum og var Ísland hið 27. í röðinni til að gerast þátttakandi í verkefninu. Auglýsingin birtist á íslensku eða ensku.

Barnaheill vinna að vernd barna gegn kynferðislegu og öðru ofbeldi með Barnasáttmálann að leiðarljósi. Samtökin eru aðili að Inhope, alþjóðlegum samtökum ábendingalína, sem vinna saman gegn dreifingu á myndefni sem birtir kynferðisofbeldi gegn börnum.

Google

Barnaheill

SAFT
SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI



# ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON

**Á síðustu 10 árum hefur Þorgrímur Þráinsson haldið fyrirlestra í nánast öllum grunnskólum landsins, daglega, og þannig komið skilaboðum um jákvætt hugarfar til um 40 þúsund ungmenna. Hann hefur auk þess skrifað fjöldan allan af barna- og unglingabókum og er um þessar mundir með nýja krakkabók í smíðum, framhald af bókinni Henri og hetjurnar sem kom út í fyrra.**

## VILDI ÓSKA AÐ ÉG GÆTI ORÐIÐ 15 ÁRA AFTUR

„Ég segi oft við nemendur að ég vildi óska þess að ég gæti aftur orðið 15 ára. Ef einhver hefði komið í skólann minn og talað á þeim nótum sem ég geri í dag, hefði ég hugsanlega farið aðra leið í lífinu. Ég hefði líklega ekki látið óttann stjórna mér og þorað að gera það sem mig langaði.“

Þetta er eitt af því sem Þorgrímur Þráinsson hefur að miðla til nemenda í skólum landsins. Hann segist þó ekki sjá eftir neinu, enda hefði hann þá líklega ekki ratað inn á þá braut að hvetja ungmenni um allt land til heilbrigðara lífernis. Í fyrirlestrum og ritstörfum hafi hann fundið ástríðu sína, ástríðu fyrir því að miðla jákvæðu hugarfari til æsku landsins.

Þorgrímur situr í hægindastól á setustofu á hóteli í miðbænum þegar við hittumst yfir kaffibolla. Bækur þekja háan vegg í setustofunni og líklegast kann rithöfundurinn best við sig í slíku umhverfi, umvafinn bókum.

Hann brennur augljóslega fyrir umræðuefninu og það kemur blik í augun þegar hann talar um æsku landsins og mikilvægi þess að færa henni uppbyggjandi skilaboð.

„Þegar ég held fyrirlestra, fer með landsliðinu eða skrifa bækur er ég aldrei í vinnunni. Þegar maður er búinn að finna sinn farveg í lífinu og gerir það sem er skemmtilegt, þá er maður á réttum stað. Ef maður mætir hins vegar í vinnuna á mánudegi og bíður eftir föstudegi, þá þarf maður að fara að hugsa sinn gang.“

Tækifærin sem fólk hefur í lífinu eru Þorgrími hugleikin og hann leggur áherslu á að krakkarnir nýti þau tækifæri sem verði á vegi þeirra því þau séu allt í kring; „Krakkar geta farið svo margar ólíkar leiðir í lífinu en þurfa eingöngu að vera óhræddir við að stíga út fyrir þægindahringinn. Ég vildi óska að það hefði verið meira um uppbyggilegt tal í grunnskólum í gamla daga sem hefði opnað augu okkar fyrir einhverju öðru en náminu.“

## EN HVAÐ HEFÐI ÞORGRÍMUR VILJAÐ GERA ÖÐRUVÍSI Í LÍFI SÍNU?

„Þegar ég var 21 árs stóð mér til boða að fara í háskólanám til Bandaríkjanna á fótboltastyrk, allt ókeypis. Á þeim tíma hafði ég ekki hugrekkið. Ég var nýkominn í Val frá Ólafsvík og óttaðist að komast ekki í lið og óttaðist að vera einn í útlöndum. Óttinn var sem sagt við völd. Foreldrar mínir bjuggu fyrir vestan ég var einn í Reykjavík þegar tækifærið bauðst. Háskólanám í útlöndum hefði að sjálfsögðu breytt þeirri leið sem ég fór í lífinu en ég er samt ekki með neina eftirsjá. Ég trúi að mér hafi verið stýrt í þessa átt en hvet hins vegar alla krakka til að prófa að búa í útlöndum ef þeir hafa tækifæri til þess. Í því felst svo mikil reynsla og þroski.“

Árangurinn af fyrirlestrunum er vitanlega ekki mælanlegur en Þorgrímur segist bæði finna og sjá að hann nái til krakkanna.

„Þegar maður er með 15-16 ára gamla krakka fyrir framan sig í 80 mínútur er augljóst hvort maður nær til þeirra eða ekki. Ég er stundum varaður við erfiðum bekkjum. En ég miðla frá hjartanu og næ alltaf tengingu við hópinn, jafnvel þótt ég sé að halda þrjá fyrirlestra á dag, sem getur verið lýjandi. Um leið og ég byrja kemst ég í gang því fyrirlestrarnir eru mín hugleiðsla. Og krakkar eru engir kjánar, þau skynja á augabragði hvort þú ert sannur eða ekki.“

*Verum ástfangin af lífinu* heita fyrirlestrar Þorgríms og á Facebook síðu með sama nafni er að finna myndbönd, greinar og fleira uppbyggilegt efni. Þangað berast líka skilaboð frá þakklátum foreldrum og nemendum: „Sumir spyrja hvað ég hafi gert til að hreyfa við unglingnum, spyrja hvað ég hafi sagt skólanum í gær. Ég hef líka hitt foreldra á förnum vegi sem þakka mér fyrir og það er auðvitað hvetjandi fyrir mig líka. Ef maður nær að hreyfa við einum eða tveimur á ári, þá er þetta þess virði. Og þakklætisbréfin frá krökkunum eru líka dásamleg.“

## FORELDRAVANDAMÁL, EKKI UNGLINGAVANDAMÁL

Talið berst að börnum sem búa við erfiðar heimilisaðstæður. Þorgrímur segir foreldravandamál mun algengari í samfélaginu en unglingavandamál; „Ég tel að um 90% af krökkum séu á frábærri leið í lífinu. Hinir eru ekki eins heppnir vegna þess að þeir búa hugsanlega hjá erfiðum foreldrum. Við eigum að hjálpa þessum krökkum, þeir þurfa á okkur öllum að halda. Og við vitum yfirleitt hvaða nemendur þetta eru. Oft eru þetta krakkar sem verða aðeins útundan, gengur illa að læra, fara á mis við ást og umhyggju, eru með brotna sjálfsmynd og

fara þess vegna aðra og dekkri leið í lífinu. Vandamálin eru víðfeðm og ein ástæðan er að samfélagið leggur ekki sitt af mörkum. Þess vegna langar mig stundum að fara í pólitík, en ég er ekki viss um að ég hefði nein áhrif þar. Kannski hef ég mun meiri áhrif með því að hitta um fjögur þúsund krakka á ári, heldur en að fara inn á Alþingi og tala fyrir daufum eyrum. Það er árangursríkast að hreyfa við börnum þegar þau eru ung og þess vegna skipta leikskólakennarar og grunnskólakennarar svo miklu máli. Við eigum mikið af frábærum kennurum sem standa sig vel þrátt fyrir töluverðan mótbyr.“

Bókin sem Þorgrímur er nú að skrifa er framhald af bókinni *Henrý og hetjurnar* sem kom út í fyrra og tengdist EM í fótbolta.

„Ég var búinn að ákveða að taka mér hvíld frá barnabókaskrifum, en í vetur heyrði ég í skólunum hversu vel krökkum líkaði bókin um Henri og hún seldist vel. Hvatning skiptir máli og jafnvel þótt ég ætlaði að hvíla mig, þá er það ekki svo einfalt. Ég fæ hugmynd sem verður þaulsetin og fyrr en varir er ég byrjaður á næstu bók. Þannig að í september er Henry boðið á leik Íslands og Úrugvæ. Hann tekur ranga flugvél, lendir óvart í Færeyjum og laumar sér um borð í Lagarfoss sem siglir til Íslands. Þar kynnist hann stelpu og þá hefst leikurinn fyrir alvöru … og fótboltaleikurinn skiptir minna máli.“

## MIKILVÆGI FYRIRMYNDA

Á æskuárunum í Ólafsvík voru einu fyrirmyndirnar sem Þorgrímur gat samsamað sig við úr íþróttum. Menn á borð við fótboltakappana Ásgeir Sigurvinsson og Atla Alexandersson voru þar fremstir í flokki. Á þeim tíma var vitund um skaðsemi tóbaks og áfengis ekki jafn mikil og hún er í dag og á þeim nótum hófst einmitt ferill Þorgríms sem fyrirlesari þegar hann var beðinn um að tala um forvarnir í grunnskólum Hafnarfjarðar. Síðan hafa fyrirlestrarnir þróast út í að byggja upp sjálfsmynd barna og mikilvægi þess að hafa jákvætt viðhorf til lífsins. „Við erum öll fyrirmyndir barna með því sem við segjum og gerum. Ef við erum í góðu jafnvægi eru meiri möguleikar á því að börnin okkar séu það líka. Í hraða nútímans þurfa þau á aga að halda, ást og umhyggju svo ekki sé talað um daglega hreyfingu.“

Þorgrímur segir grunninn að góðum árangri vera sterka sjálfsmynd; „Það eru eflaust skiptar skoðanir um það, en í ljósi minnar reynslu tel ég að það sé einkum þrennt sem hefur áhrif á geðheilsu og sjálfsmynd barna; dagleg, skipulögð hreyfing, hollt mataræði og lestur. Auðvitað væri líka hægt að nefna aga, ást, umhyggju, dugnað, einbeitingu og samkennd - þetta tvinnast allt saman.“

## ENGINN ER FULLKOMINN

„Mér finnst mikilvægt að krakkar geri sér grein fyrir því að það er enginn fullkominn. Þótt ég miðli ýmsu til nemenda á 80 mínútum geri ég þeim grein fyrir því að ég sé fjarri því að vera fullkominn. Ég hrapa reglulega alveg eins og þau og flestir aðrir. En ef ég hrapa, hvað geri ég? Ég tala við rétta fólkið, fer í göngutúr, á æfingu, horfi á réttu myndböndin, borða hollan mat og ég les uppbyggilegar bækur. Þá næ ég andanum aftur og leiðin liggur upp á við.“

„Það skiptast alltaf á skin og skúrir – og það er ekki síst þroskandi að takast á við það þegar lífið er leiðinlegt. Eins og segir í *Alkemistanum*; Það er myrkast rétt fyrir sólarupprás. Þegar fólk upplifir svartnætti í lífinu gæti það allt eins verið merki um að dásamleg stund sé í uppsiglingu.“

*Alkemistinn* leiðir talið að hugleiðslu, tilgangi lífsins og þekkingu manneskjunnar á henni sjálfri. Þorgrímur leggur áherslu á að núið skipti mestu máli, að njóta augnabliksins en lifa ekki í fortíð eða framtíð. „Fyrir mér er tilgangur lífsins að sigrast á sjálfum sér, vera hamingjusamur. Lífið hefur líka kennt mér að við erum öll beint eða óbeint að leita að okkar eigin sannleika, innri friði, sem við öðlumst tæplega nema við gefum okkur kyrrðarstund daglega. Og spyrjum okkur mikilvægra spurninga sem varða lífið og tilveruna. Er ég sáttur við dagsverkið? Hvernig kom ég fram við aðra? Hef ég gengið til góðs? Svörin sem við leitum að finnum við yfirleitt í þögninni, þegar við rýnum inn á við.“

Eftir gott og uppbyggilegt spjall okkar er komið að lokum viðtalsins, en áður en við kveðjumst langar Þorgrími að koma draumsýn sinni á framfæri.

„Ég á mér draum um að skipulögð hreyfing verði alla daga í leik- og grunnskólum, að öll skólabörn njóti sömu réttinda hvað varðar heitar og hollar máltíðir, að hugleiðsla/núvitund/kyrrðarstund/geðrækt verði hluti af skóladegi allra barna, að efnahagur foreldra þurfi ekki að ráða ástundun barna í íþróttum eða tómstundum - og … að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé virkur og virtur í samfélaginu, ekki eingöngu að nafninu til.“

**Sigríður Guðlaugsdóttir**




ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Eimskip Flytjandi býður upp á daglegar ferðir til allra landshluta árið um kring. Við leggjum áherslu á að koma sendingu þinni örugglega til skila á sem skemmstum tíma, hvort sem um er að ræða lítinn pakka eða stóra vörusendingu.
Hafðu samband við starfsfólk Flytjanda í síma 525-7700 og fáðu tilboð.

EIMSKIP Flytjandi
525-7700 | flytjandi.is



# KRAKKARNIR Í HVERFINU…

## …ERU ALLS KONAR EN EIGA ÖLL RÉTT Á GJALDFRJÁLSRI GRUNNMENNTUN

**„Skólar eru hornsteinn jöfnuðar í samfélaginu" segir í riti útgefnu af mennta - og menningarmálaráðuneytinu. Við hjá Barnaheillum tökum undir þessa fullyrðingu og teljum afar mikilvægt að skólakerfið standi vörð um réttindi barna og vinni gegn mismunun.**

Öll börn á Íslandi ganga í grunnskóla og flest í sinn hverfisskóla. Blanda fjölbreytts mannlífs einkennir flest íbúahverfi. Börnin eignast því skólafélaga sem búa við mismunandi aðstæður og eru með fjölbreyttan bakgrunn. Það eykur víðsýni barnanna, og þekkingu. Þetta er talinn einn helsti styrkleiki skólakerfisins á Íslandi. Skólinn getur svo með starfi sínu tryggt að börnin njóti jafnræðis og sé ekki mismunað, að þau fái að nýta hæfileika sína og styrkleika, geti stundað nám og geti eflst og þroskast á eigin forsendum, óháð stöðu sinni eða efnahag foreldranna.

Þó er það svo að enn gera flestir skólar ráð fyrir því að foreldrar greiði hluta af námsgögnum barna sinna. Í landi sem hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um gjaldfrjálsa grunnmenntun senda flestir skólar árlega út innkaupalista til foreldra.

Í skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla **Educational and Child Poverty in Europe** sem kom út í lok árs 2016, kemur fram að sterk tengsl eru á milli efnislegrar fátæktar og skorts á menntun og tækifærum. Því sé menntun og jöfnun tækifæra ein öflugasta leiðin til að uppræta fátækt. Fram kemur að með stuðningi skólakerfisins hafi börn sem búa við fátækt alla burði til að standa sig vel og brjótast úr fátæktinni. Eitt lítið lóð á þær vogaskálar er gera grunnskólann gjaldfrjálsan í raun.

Þrátt fyrir að jöfnuður sé talinn hve mestur á Íslandi samkvæmt skýrslunni eiga allt að 11.000 börn eða 14% barna á Íslandi á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun. Það er algjörlega óásættanlegt. Þessum börnum er mismunað, þau eru síður líkleg til að fá tækifæri til að taka þátt samfélaginu á sama hátt og önnur börn, svo sem tómstundum, menningu og listum og öðlast líf sem þau telja gott.

Skólinn getur ekki breytt efnahagslegri stöðu foreldra, en hann getur með starfi sínu og aðgerðum minnkað aðstöðumun barna. Kaup á námsgögnum eru baggi á mörgum barnafjölskyldum. Vafalaust myndu margar þeirra kjósa að nota það fjármagn til annarra hluta, svo sem í tómstundir fyrir börn sín, eða annars sem göfgar líf og eykur samveru og samkennd fjölskyldna.

Barnaheill hafa ítrekað sent áskorun á stjórnvöld um að breyta grunnskólalögum svo óheimilt verði að krefja foreldra um greiðslu á námsgögnum. Á vormánuðum 2017 stóðu Barnaheill fyrir undirskriftarsöfnun á vef samtakanna, þar sem almenningur var hvattur til að styðja áskorun Barnaheilla. Undirskriftirnar voru afhentar mennta-og menningarmálaráðherra þann 22. mars 2017.



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**

# LÍTIÐ ÞOKAST Í AÐ UPPRÆTA BARNAFÁTÆKT Í EVRÓPU
## –ÍSLAND ER EKKI UNDANSKILIÐ

**Frá árinu 2013 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi tekið þátt í vinnu Evrópuhóps Save the Children um barnafátækt í álfunni. Árið 2014 kom út skýrsla á vegum hópsins; Child poverty and social exclusion - a matter of childrens right, þar sem fram kom að um 28% barna í Evrópu eiga á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun. Síðla árs 2016 kom svo út önnur skýrsla, Educational and Child poverty in Europe - Leaving no child behind, eða tengsl barnafátæktar og skorts á tækifærum og menntun.**

Lítið hefur þokast í þá átt að uppræta fátækt í álfunni undanfarin ár. Enn eiga 28% barna í Evrópu á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun. Þetta eru rúmlega 25 milljónir barna í Evrópu. Væru þessi börn ein þjóð, þá væru þau sjöunda fjölmennasta þjóð Evrópusambandsins. Ekkert Evrópuland er laust við barnafátækt og lítið hefur þokast í þá átt að uppræta fátækt í álfunni.

### ORSAKIR FÁTÆKTAR

Meginorsök fátæktar er ójöfnuður sem hefur aukist í Evrópu. Um 10% heimila í Evrópu eiga 50% eigna. Velmegun er í boði fyrir sífellt færri. Færri fjölskyldur hafa möguleika á að veita börnum sínum gott líf. Afleiðingar efnahagskreppunnar á laun og kjör eru meðal annars þær að þrátt fyrir að foreldrar hafi atvinnu er það ekki trygging fyrir lífi án fátæktar. Stöðugur niðurskurður varð á framlögum til menntunar frá upphafi kreppu í öllum Evrópulöndum. Þau börn sem eru hve verst stödd verða enn frekar útundan hvað varðar menntun og tækifæri, heilsu og lífsfyllingu. Þessi börn eru líklegri til að hætta snemma í námi og verða því með minni færni og hæfni – og eiga frekar á hættu að vera atvinnulaus eða vera í láglaunastörfum sem fullorðnir einstaklingar. Skortur á menntun er einn helsti áhættuþáttur fátæktar og brottfall er einn mælikvarðanna.




Börn sem búa við fátækt eru líklegri að búa áfram við fátækt sem fullorðnir einstaklingar. Börnin bera ekki ábyrgð á stöðu sinni og það er ábyrgð samfélagsins að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri.

### ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA

Í skýrslunni skora Save the Children á stjórnvöld hvers lands að bregðast við og gera áætlanir til að uppræta barnafátækt.

### BARNAHEILL SKORA Á ÍSLENSK STJÓRNVÖLD AÐ:

- **Lengja fæðingarorlof og tryggja að öll börn eigi öruggt skjól í þroskandi námsumhverfi á vegum sveitarfélaga eftir að fæðingarorlofi lýkur**

Rúmlega 40% barna á Íslandi á aldrinum 0-3 ára eru skráð í leikskóla eða aðra umönnun utan heimilis en um 98% barna frá þriggja ára aldri. Samkvæmt áætlunum í Evrópu er lögð áhersla á að öll börn hafi algang að þroskandi námsumhverfi frá unga aldri, þar sem árin frá fæðingu að grunnskóla skipta sköpum fyrir þroska barnsins.

- **Tryggja gjaldfrjálsa gæðamenntun fyrir öll börn**

Barnaheill hafa ítrekað sent stjórnvöldum áskoranir þar að lútandi.

- **Minnka brottfall úr skólum með raunhæfum aðgerðum sem virka**

Samkvæmt skýrslunni er brottfall á Íslandi 18,8%, sem er langt fyrir ofan meðatal í Evrópu sem er 11%. Brottfall á Norðurlöndum er; Danmörk: 8%, Svíþjóð: 7%, Finnland: 9%, Noregur: 11%

- **Styrkja mennta- og velferðarkerfið ásamt beinum inngripum fyrir þau börn sem eiga við einhvers konar erfiðleika að etja**

Mennta- og velferðarkerfið eru helstu tæki jöfnunar og félagslegs réttlætis fyrir börn.

- **Tryggja aðgang allra barna að tómstundum, listum og skemmtunum**
- **Tryggja að öll börn sem fæðast á Íslandi geti vænst þess að hafa tækifæri til menntunar, heilsu og lífsfyllingar og ekkert barn muni búa við fátækt**
- **Hafa fjárfestingu í börnum sem leiðarljós í fjárlagagerð á öllum stjórnsýslustigum, þar sem fjárfestingin mun skila sér til alls samfélagsins í nútíð og framtíð**
- **Að líta ekki á fjármagn í þjónustu við börn sem útgjöld**

Eitt barn sem býr við fátækt og félagslega einangrun er einu barni of mikið. Eitt barn sem ekki fær tækifæri til að þroska hæfileika sína og eiga líf sem það telur gott er einu barni of mikið.

Íslenskt samfélag getur ekki skorast undan því að horfast í augu við barnafátækt. Þjóðarsátt þarf um að útrýma fátækt og tryggja að öll börn á Íslandi geti lifað með reisn, fái að þroskast og nýta hæfileika sína.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**



*Í amstri skóladagsins. Ragnheiður Davíðsdóttir ásamt börnunum fjórum, frá vinstri, Inga María, 8 ára, Styrmir Þór á öðru ári, Axel Örn, 14 ára, Rangheiður og Lilja Björg, 13 ára.*

# BÖRN UPPLIFA MISMUNUN VEGNA NÁMSGAGNA

**„Sums staðar er ástandið það slæmt að skólinn þarf að taka sum börn undir sinn verndarvæng og útvega þeim námsgögn. Þá finna börnin til vanmáttar gagnvart umhverfi sínu, önnur börn taka eftir þessu og þannig upplifa börn mismunun og líða fyrir slæma efnahagsstöðu foreldra sinna,“ segir Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldri og grunnskólakennari í Reykjavík sem segist í starfi sínu margoft hafa orðið vitni að því að efnahagsstaða foreldra leyfi ekki útgjöld fyrir námsgögnum.**

Sjálf er Ragnheiður með þrjú börn í grunnskóla, öll á sitt hverju stiginu. Á síðasta ári greiddi hún rúmlega 35 þúsund krónur fyrir námsgögn barnanna. Þá var ótalinn annar kostnaður við skólagönguna svo sem skólatöskur, pennaveski, leikfimiföt og fleira; „Oft þarf líka að bæta við námsgögn yfir árið, í mínu tilfelli gjarnan um 10 þúsund krónur til viðbótar. Það er auðvitað hægt að gera þetta skynsamlega, en það kostar mjög mikla vinnu og tíma að þræða öll tilboð - fyrir utan bensínkostnaðinn - svo stundum er lítill sparnaður í að eltast við hundraðkallana.“

Öll börn eiga rétt á grunnmenntun án endurgjalds samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur lögfest. Í 2. grein sáttmálans er jafnframt kveðið á um að ekki megi mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, svo sem vegna efnahags.

„Lögin eru alveg skýr. Grunnmenntun á að vera gjaldfrjáls og ef foreldrar hafa ekki efni á að barnið sé með nauðsynleg gögn, hvað eiga þeir þá að gera?“ segir Ragnheiður sem telur inngrip skóla í þeim tilfellum þegar foreldrar hafa ekki efni á að kaupa námsgögn séu ekki endilega börnum til góðs; „Því þótt skólinn reddi málunum er það ekki endilega hagur barnsins. Um leið og við afnemum þennan kostnað foreldra hverfur stór þáttur sem snýr að mismunun barna.“

## FYRIRMYNDARSVEITARFÉLÖG

Ísafjörður var fyrst sveitarfélaga til að afnema gjaldtöku til foreldra vegna námsgagna fyrir þremur árum, en Barnaheillum er kunnugt um að Sandgerði, Mýrdalshreppur og Borgarfjörður eystri hafi einnig tekið þetta skref á síðasta ári.

Helga Snorradóttir er kennari í grunnskólanum á Ísafirði og segir að reynslan að breyttu fyrirkomulagi sé mjög góð. Því fylgi ekki svo mikil vinna auk þess sem magninnkaup gefi betra verð, pantað sé jafnóðum og birgðir séu ávallt til að hausti. Þá sé betur haldið utan um námsgögnin og þau séu betur nýtt og því minni sóun; „Allt er þetta geymt í skólanum, nema það sem snýr að heimanámi, og við geymum gögn á milli ára. Þetta léttir líka þyngdina á skólatöskunni fyrir börnin og er þess vegna heilsusamlegra fyrir þau. Kostnaðarlega og fyrirhafnalega er þetta líka mun betra fyrir heimilin, en þetta skiptir ekki síst máli fyrir börnin sem fara þá ekki í samkeppni um námsgögnin og það útilokar ýmis vandamál og mismunun. Það eru bara allir alsælir með þetta fyrirkomulag.“

Barnaheill fengu mikil viðbrögð frá foreldrum á meðan undirskriftasöfnun samtakanna stóð. Alls söfnuðust á sjötta þúsund undirskrifta sem nemendur í 9. bekk HS í Háteigsskóla afhentu Kristjáni Þór Júlíussyni, menntamálaráðherra, 22. mars síðastliðinn.

**Sigríður Guðlaugsdóttir**

# BARNAHEILL GEFA ÚT BARNAVERNDARSTEFNU

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa samþykkt og birt Barnaverndarstefnu samtakanna, um vernd barna gegn ofbeldi, vanrækslu, óöruggum aðstæðum og slæmri meðferð. Barnaverndarstefnan er gefin út til samræmis við stefnu alþjóðasamtaka Save the Children (Child safeguarding policy). Stefnan skuldbindur starfsfólk, stjórn, ungmennaráð, sjálfboðaliða og samstarfsaðila.

Í inngangi barnaverndarstefnunnar segir: Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun, árið 1989, haft barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Hafa samtökin því alla tíð unnið að vernd barna gegn ofbeldi og slæmri meðferð. Hjá alþjóðasamtökum Save the Children, sem Barnaheill eru hluti af, er í gildi Barnaverndarstefna sem miðar að því að tryggja jafna vernd barna í heiminum öllum gegn ofbeldi, vanrækslu, óöruggum aðstæðum og slæmri meðferð. Til að ná því markmiði setja öll landsfélög Save the Children sér lágmarks barnaverndastefnu eða reglur sem eru bindandi fyrir starfsfólk, stjórnarfólk, sjálfboðaliða og aðra sem þau eiga samstarf við. Er það gert til að tryggja jafnræði barna, þar sem mismunandi reglur gilda um barnavernd í hverju landi fyrir sig. Af þessu leiðir að barnaverndarreglur Save the Children munu í einhverjum löndum ganga lengra en lög og reglur kveða á um og skemur annars staðar. Barnaverndarstefnur og verklagsreglur vegna tilkynninga um barnaverndarmál annarra Save the Children félaga eru stærðarinnar vegna, víða mun flóknari og umfangsmeiri.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja útgáfu slíkrar stefnu hvetja til aukinnar varkárni og meðvitundar þeirra sem tengjast samtökunum um mikilvægi þess að þekkja skyldur sínar varðandi barnavernd. Samtökin hvetja félög, fyrirtæki og stofnanir sem starfa með og fyrir börn, til að setja sér lágmarksviðmið um vernd barna svo fleiri börn fái notið réttar síns til lífs og þroska við bestu mögulegu lífsskilyrði.




# EIN JÖRÐ FYRIR ÖLL BÖRN UM ÓKOMNA TÍÐ

**Barnaheill samþykktu nýverið fyrstu umhverfisstefnu samtakanna og vilja þannig vinna enn frekar að betri heimi fyrir börn í nútíð og framtíð. Mannréttindi og umhverfismál eru órjúfanleg og náskyld málefni. Það eru mannréttindi að búa við heilnæmt og gott umhverfi og er heilnæmt og gott umhverfi er forsenda velferðar. Þegar unnið er að mannréttindum þarf jafnframt ávallt að taka tillit til umhverfisþátta.**

Um áratugaskeið hefur alþjóðsamfélagið reglulega sett sér háleit markmið um betri heim. Markmið um sjálfbæra þróun, þar sem forgangsverkefni er að uppræta fátækt og auka jöfnuð. Nú síðast Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, eða SDG2030, eða markmið sem þjóðir heims ætla sér að ná fyrir árið 2030. Með sjálfbærri þróun er átt við að núlifandi kynslóðir skili jörðinni til komandi kynslóða í því ástandi að mörguleikar þeirra til að fullnægja þörfum sínum og væntingum séu ekki minni en núlifandi kynslóða. Sjálfbær þróun er því jafnrétti milli kynslóða en einnig jafnrétti minni heimshluta.

Heimsmarkmiðin eru 17 og eru meðal annars um heilsu og vellíðan, menntun fyrir alla, ábyrga neyslu og að uppræta fátækt. Aukin fátækt, ófriður, hungur og sjúkdómar stafa að hluta til af loftslagsbreytingum, sóun á verðmætun, mengun og ábyrgðarleysi í ákvörðunum. Ákvörðunum sem svo leiða til eyðileggingar á auðlindum og gæðum jarðar, sem kemur svo í veg fyrir að börn í nútíð og framtíð geti átt sambærilegt líf eða betra en foreldrar þeirra.

Því er mikilvægt að samtök eins og Barnaheill, sem vinna að mannréttindum barna og velferð leggi sitt lóð á þær vogaskálar.




**Margrét Júlía Rafnsdóttir**

# UMHVERFISSTEFNA BARNAHEILLA

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja að tryggt sé að öll heimsins börn í nútíð og framtíð njóti þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt Barnasáttmálanum. Mikilvægt er að stuðla að jafnrétti milli heimshluta og en einnig milli kynslóða; að komandi kynslóðir geti notið réttinda sinna, búið við öryggi og vernd og uppfyllt þarfir sínar, ekki síður en núlifandi kynslóðir.

Því munu samtökin með störfum sínum í þágu barna hafa sjálfbæra þróun að leiðaljósi. Til að jörðin verði áfram byggileg, þarf að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, minnka sóun, vinna gegn loftslagsbreytingum, vernda vistkerfi, vinna að jöfnuði í heiminum, gæta jafnræðis og uppræta fátækt. Jafnframt að stunda lýðræðisleg vinnubrögð, efla þátttöku barna og ungmenna og taka mið af fjölbreytileika samfélaga. Í hverju verkefni sem unnið er í anda sjálfbærrar þróunar skal huga jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum.

Við allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum Barnaheilla skal leitast við að neikvæð áhrif á fólk, umhverfi og náttúru séu í lágmarki.

- Leggja skal áherslu á vistvæn innkaup á vörum og þjónustu, framkvæmdum og framleiðslu.
- Dregið verði úr hvers kyns sóun verðmæta, myndun úrgangs og stuðlað að endurnýtingu og endurvinnslu með góðri nýtingu hráefna og flokkun.
- Stuðlað verði að notkun vistvænna samgangna.
- Þekking og vitund um umhverfismál og umhverfisvæna lífshætti verði aukin með fræðslu til starfsmanna og félagsmanna.

***Ein jörð fyrir öll börn – um ókomna tíð,*** umhverfisstefna Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og framkvæmd hennar skal vera liður í daglegu starfi samtakanna. Stefnuna skal kynna fyrir starfsfólki, stjórn og félagsmönnum vera öllum aðgengileg á vef félagsins. Stefnuna skal endurskoða á þriggja ára fresti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á stefnunni og framkvæmd hennar. Við framkvæmd stefnunnar skal leitast við að hafa jafnræði allra og jafnrétti að leiðarljósi. Stefnan byggir á alþjóðlegum samþykktum, s.s. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, íslenskum lögum, reglugerðum og áætlunum um umhverfismál. Stefnuna skal samþætta öðrum stefnum samtakanna.

Við framkvæmd stefnunnar skal leitast við að hafa jafnræði allra og jafnrétti að leiðarljósi. Stefnan byggir á alþjóðlegum samþykktum, svo sem heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, SDG2030, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, íslenskum lögum, reglugerðum og áætlunum um umhverfismál. Stefnuna skal samþætta öðrum stefnum samtakanna.

Með því að vinna að sjálfbærri þróun vilja Barnaheill – Save the Children á Íslandi lágmarka það vistspor sem samtökin marka og þannig hámarka þann arð sem samtökin skila til barna í nútíð og framtíð. Barnaheill vilja jafnframt vekja athygli á mikilvægi þess að tryggja rétt barna í nútíð og framtíð til heilnæms umhverfis.

Með stefnunni vilja Barnaheill vera öðrum samtökum fyrirmynd og hvatning til að vinna að umhverfismálum, til umhverfisvænna lífshátta og til að vinna að sjálfbærri þróun, núlifandi og komandi kynslóðum til heilla. Þannig verður jörðin okkar fyrir öll börn um ókomna tíð.

# UMFJÖLLUN UM BÖRN Í FJÖLMIÐLUM

**Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa gefið út Almenn viðmið um opinbera umfjöllun um börn í samvinnu við Fjölmiðlanefnd, SAFT, UNICEF á Íslandi og umboðsmann barna.**



Íslenskir fjölmiðlar hafa hingað til ekki haft samræmdar reglur eða viðmið um hvernig fjalla skuli um börn opinberlega og vill hópurinn ráða bót á því til að stuðla að því að börn njóti réttinda sinna þegar kemur að umfjöllun um þau eða foreldra þeirra. Að mati hópsins er mikilvægt að fram fari vitundarvakning um mannréttindi barna eins og þau birtast í opinberri umræðu.

Börn eru einstaklingar yngri en 18 ára. Börn njóta tjáningarfrelsis og er það áréttað í Barnasáttmálanum, sem var lögfestur hérlendis með lögum nr. 19/2013, en hann felur í sér viðurkenningu á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Að því sögðu eru börn viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarf á sérstakri vernd að halda. Endurspeglast það m.a. í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram kemur að börnum skuli tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ennfremur er börnum tryggður réttur til friðhelgi einkalífs í Barnasáttmálanum og stjórnarskrá.

Skoðanir fólks og umræðan í samfélaginu mótast að miklu leyti af því sem fjölmiðlar setja á dagskrá hverju sinni. Því er mikilvægt að vandað sé til verka í allri umfjöllun sem snýr að börnum, að fjölmiðlar geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir bera gagnvart börnum og hagi störfum sínum samkvæmt því. Viðmiðunum er ætlað að styrkja fjölmiðla í að þjóna almannahlutverki sínu með réttindi barna að leiðarljósi. Viðmiðin má nálgast á heimasíðu Barnaheilla.

**Sigríður Guðlaugsdóttir og Þóra Jónsdóttir**

# DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA

Á síðasta ári var samþykkt á Alþingi að helga afmælisdag barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 20. nóvember ár hvert, fræðslu í skólum landsins um mannréttindi barna. Barnaheillum - Save the Children á Íslandi var falið af innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sjá um framkvæmd dagsins. Í samvinnu við ráðuneytin var sett upp vefsvæði á síðu samtakanna helgað þessari fræðslu.

Þar er að finna ýmsar upplýsingar og hugmyndir að viðfangsefnum og verkefnum sem skólar geta nýtt sér í tilefni dagsins. Efninu er skipt upp í efni fyrir leikskóla, grunnskóla og fyrir framhaldsskóla. Grunnskólaefninu er auk þess skipt upp í yngsta stig, miðstig og unglingastig. Inni á svæðinu eru einnig tenglar á stutt myndbönd þar sem börn tala um mannréttindi sín.

#dagurmannrettindabarna






*Það ríkti mikil gleði á Vífilstaðatúni í Garðabæ 21. október 2016 þegar Blær bangsi og þyrla Landhelgisgæslunnar mættu með hjálparbangsa fyrir öll börn á leikskólunum Hæðarbóli, Krakkakoti og Sunnuhvolli - en það voru síðustu þrír leikskólarnir í Garðabæ til að innleiða Vináttu og stuðla þannig að góðum samskiptum hjá leikskólabörnunum. Til hamingju Garðabær!*

# ÆVINTÝRIÐ UM VINÁTTU

## VINÁTTA – FORVARNARVERKEFNI GEGN EINELTI FYRIR LEIKSKÓLA

Fátt er börnum og foreldrum þeirra mikilvægara en að börnunum líði vel í skólanum, eigi góða félaga og vini, hafi sjálfstraust og góða sjálfsmynd. „Þú mátt ekki vera með í leiknum“ eða „ég vil ekki leiða þig“, eru orð leikskólabarna í íslenskum leikskólum, barna sem eru að fóta sig í flóknum heimi og læra samskipti við jafnaldra sína. Svona samskipti virðast sakleysisleg, en ef þau eru endurtekin gagnvart sama barninu án þess að hinir fullorðnu grípi inn í, geta þau þróast út í einelti eða útilokun, sem jafnvel getur varað árum saman. Mikilvægt er að byrgja brunninn og það er á ábyrgð hinna fullorðnu að gera það.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi bjóða leikskólum upp á forvarnarefni gegn einelti sem er mjög árangursríkt og mikil ánægja er með. Efnið nefnist Vinátta, eða Fri for mobberi í Danmörku, þaðan sem það er upprunnið. Um er að ræða raunhæf verkefni í verkefnatösku, ásamt leiðbeiningum fyrir starfsfólk. Vinátta byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum. Nú eru 80 leikskólar á Íslandi að vinna með Vináttu. Fljótlega munu Barnaheill einnig bjóða upp á Vináttu fyrir fyrstu bekki grunnskóla.

## UPPHAFIÐ

Margrét Júlía Rafnsdóttir er verkefnisstjóri Vináttu. Hún kynntist efninu í ársbyrjun 2008 þegar hún var í heimsókn hjá systursamtökum Barnaheilla í Danmörku, Red barnet, þá var nýbúið að hleypa verkefninu af stokkunum þar í landi:

„Ég hafði strax mikinn áhuga á að fá þetta efni til Íslands fyrir margra hluta sakir. Þar má nefna að efnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og er í stöðugri þróun auk þess að vera reglulega tekið út og árangursmælt. Þar að auki er mikilvægt að byrja forvarnir snemma og síðast en ekki síst er þetta efni mjög skemmtilegt, auðvelt í notkun og handhægt.“

Nokkur ár liðu þar til Vinátta varð að veruleika á Íslandi; „Við vildum vera fullviss um að menn teldu þörf fyrir efnið áður en við færum lengra. Við heimsóttum starfsmenn sveitarfélaga og leikskóla, ráðuneyta og háskóla og sýndum þeim efnið í dönsku töskunni. Við vildum álit þeirra á því hvort við ættum að framleiða efnið til notkunar fyrir leikskóla á Íslandi. Alls staðar var sama viðkvæðið; Frábært, Þetta er einmitt það sem vantar! Og þetta var hvatningin sem við þurftum til að fara í framleiðslu á efninu.“

„Þarna hófst ævintýrið sem ekki sér fyrir endann á,“ segir Margrét Júlía. Í samstarfi við Red barnet og Mary Fonden í Danmörku var svo hafist handa við að þýða, staðfæra og gefa út efnið sem fékk nafnið Vinátta.

Á haustmánuðum 2014 var efnið tilbúið og að loknu námskeiði vegum Barnaheilla tóku sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum að sér að tilraunakenna efnið í rúmt ár. Í kjölfarið var efnið yfirfarið og gefið út að nýju. Öllum leikskólum var svo boðið efnið til notkunar í byrjun árs 2016. Í maí 2017 voru Vináttuleikskólarnir orðnir 80 í fjölmörgum sveitarfélögum og er það um 30% íslenskra leikskóla. Starfsmenn sem sótt hafa námskeið á vegum Barnaheilla eru á fimmta hundrað. Nokkur sveitarfélög hafa ákveðið að Vinátta fari í alla leikskóla á þess vegum, þar sem börnin muni síðar koma saman í grunnskólum og því mikilvægt að þau séu öll jafnvel nestuð með forvörnum gegn einelti.

„Við hjá Barnaheillum eigum þá von að innan fárra ára muni einelti meðal barna vera hverfandi. Með Vináttu leggum við lóð á þær vogaskálar. Í Danmörku sýna kannanir að Fri for mobberi hefur haft þau áhrif að einelti hefur minnkað í grunnskólum. Menn þakka það ekki síst þessu frábæra verkefni, en þau börn sem byrjuðu að vinna með verkefnið í leikskóla 2007–2008 eru nú á miðstigi

## GILDI OG HUGMYNDAFRÆÐI

Verkefnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildi Vináttu eru:

**Umburðarlyndi**
Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

**Virðing**
Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

**Umhyggja**
Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi.

**Hugrekki**
Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Á þessu byggja verkefnin sem eru í töskunni.

grunnkóla," segir Margrét Júlía.

## HVAÐ ER VINÁTTA?

Vinátta er forvarnarverkefni gegn einelti sem byggir á þeirri nálgun að einelti sé samfélagslegt mein en ekki einstaklingsbundið vandamál. Vinna þarf með skólabrag, samskipti og styrkleika barnanna strax í leikskóla og koma í veg fyrir að einelti nái að festa rætur og þrífast. Samkvæmt þeim rannsóknum sem Vinátta byggir á þrífst einelti í aðstæðum og umhverfi þar sem umburðarlyndi skortir gagnvart margbreytileikanum, gjarnan í umhverfi sem börn hafa ekkert val um að vera í og komast ekki burt úr, svo sem í skóla eða bekkjardeild.

Þegar tekist er á við þannig aðstæður er mikilvægt að að tryggja að allir komi út úr aðstæðum með reisn, en ekki séu búin til fórnarlömb og sökudólgar. Mikilvægt er að öll börnin fái tækifæri til að byggja upp sterka sjálfsmynd og samskiptahæfni og séu metin út frá eigin styrkleikum.

Það sem einkennir barnahópa þar sem einelti nær ekki að þrífast er hár þröskuldur umburðarlyndis. Þar er samkennd, börnin njóta virðingar og viðurkenningar. Þau finna sér sinn eðlilega sess í hópnum, sama hver þau eru, hvernig þau líta út, hvaða hlutverki þau gegna og hvers þau eru megnug. Gildi margbreytileikans er virt og umburðarlyndi fyrir því að hópurinn er samsettur úr mismunandi einstaklingum með mismunandi einkenni og mismunandi styrkleika. Þar er jákvæður og góður skólabragur. Það er á ábyrgð hinna fullorðnu að búa börnunum þannig umhverfi. Á því byggir Vinátta.

## MIKIL ÁNÆGJA MEÐ VERKEFNIÐ OG ÁRANGUR ER GÓÐUR

„Börnin í Vináttu eru mjög ánægð með verkefnið í heild sinni og það er ótrúlegur árangur af notkun þess," segir Margrét Júlía.

Börnin læra að þekkja tilfinningar sínar betur, þau sýna samkennd, hlýju og vináttu. Ný tengsl myndast í leik og gamlar mýtur um hverjir og hve margir geta leikið í einu brotna. Börnin læra einnig að setja sér mörk og styðja félaga sína og verja.

„Áhersla er lögð á að foreldrar og starfsfólk séu góðar fyrirmyndir barnanna í orði og verki. Og það má segja að foreldrar séu mjög þakklátir fyrir þetta verkefni."

Mikil ánægja er einnig meðal starfsmanna Vináttuleikskólanna: „Hver leikskóli getur aðlagað efnið að sínum áætlunum og vinnulagi, engum skýrslum þarf að skila til Barnaheilla, það þarf bara að nota efnið því það gerir auðvitað ekkert gagn inni í skáp! Þetta er ekki „enn eitt verkefnið" sem margir leikskólastarfsmenn óttast að bæta á sig, heldur verkfæri sem gagnast við daglegt leikskólastarf. Og það hefur sýnt sig að þegar starfsfólk kynnist Vináttu, þá er ekki aftur snúið. Starfsfólk fer gjarnan að skoða eigin samskipti við hvert annað, við foreldra og börnin og að spyrja sig spurninga eins og hvernig starfsmenn þeir vilji vera. Jafnframt telja starfsmenn efnið mjög auðvelt í notkun, handhægt og árangursríkt, því bæði sé hægt að vinna með það markvisst og grípa það þegar aðstæður kalla á."

## UMSAGNIR FRÁ LEIKSKÓLASTJÓRUM

Margrét segir starfsmenn Vináttuleikskóla undantekningalaust hafa tekið verkefninu fagnandi og strax sé farinn að sjást mikill árangur af notkun efnisins; „Það er dásamlegt og hvetjandi að fá skilaboð frá leikskólastjórum um að Vinátta sé eins og himnasending og passi einstaklega vel inn í alla starfsemi auk þess að styðja vel við önnur verkefni og áætlanir skólanna."

Til að geta fengið Vináttuefnið til notkunar þarf leikskóli að senda 1-2 starfsmenn á námskeið þar sem farið er yfir bakgrunn vekefnisins og unnið skipulega með efnið.

## VINÁTTA FYRIR GRUNNSKÓLA

Barnaheill vinna nú að útgáfu á efni fyrir 1.- 3. bekk grunnskóla og mun tilraunavinna hefjast í haust með 8- 12 grunnskólum úr nokkrum sveitarfélögum. Eftirspurn frá foreldrum og sveitarfélögum sem hafa innleitt Vináttu varð til þess að farið var út í að þýða og gefa út efni fyrir grunnskóla svo fljótt. „Börnin sem hafa verið í Vináttuleikskólunum í 1 – 3 ár eru nú að fara í grunnskóla eða hafa þegar hafið skólagöngu í grunnskóla. Þess vegna er mikilvægt að þau fái áfram það mikilvæga veganesti fyrir góð samskipti sem felsti í þeirri hugmyndafræði og gildum sem Vinátta byggir á," segir Margrét Júlía að lokum.






# VERKEFNIN Í TÖSKUNNI

- **Samræðuspjöld** stuðla að samræðum barnanna. Þau sýna raunverulegar aðstæður sem komið geta upp. Á bakhlið spjaldanna eru hugmyndir að spurningum eða umræðum.

- **Nuddhefti** Inniheldur leiðbeiningar og sögur sem leiða börnin áfram í að nudda bak hvers annars með því að líkja eftir hreyfingum úr sögunum.

- **Klípusögur fyrir foreldra og starfsfólk** lýsa raunverulegum aðstæðum og stuðla að samræðum um þær aðgerðir sem hægt er að grípa til í daglegu lífi.

- **Veggspjald** er hengt upp þar sem foreldrar koma, svo sem í anddyri leikskólans og/eða inni á deildir. Á veggspjaldinu eru ráð til foreldra um góð samskipti.

- **Sögubók** *Bangsinn hennar Birnu* - og þrjár sögur til viðbótar um einelti. Í bókinni er fjallað af kímni, skilningi og jákvæðni um erfiðar aðstæður sem upp kunna að koma í daglegu lífi í leiskóla.

- **Tónlistardiskur með Vináttusöngvum og tónlistarhefti** sem Ragnheiður Gröndal og Stefán Örn Gunnlaugsson syngja við lög og texta Anders Bögelund. Söng- og leikjahefti fylgir, þar sem áhersla er lögð á samkennd og samvinnu.

Sérstök tónlistarnámskeið eru í boði fyrir Vináttuleikskólana, sem Birte Harken sér um.

- **Leiðbeiningar** lýsa bakgrunni Vináttu og fjalla um einelti á fræðilegan hátt og hvernig hægt sé að innleiða verkefnið í skóla. Í leiðbeiningunum er einnig að finna fjölda hugmynda að verkefnum til að vinna í leikskólanum, með börnunum, starfsfólki og foreldrum.

- **Vinátta í útivist; útinám og leikur** Verkefni og leikir sem byggja á samvinnu, hjálpsemi og samkennd umfram samkeppni. Leikirnir og verkefnin henta á leikvellinum, í frímínútum, í útivist, í fjöruferðinni, úti í skógi, í afmælisveislum, í gönguferðum, meðan beðið er eftir strætó og svo framvegis, ... í alls konar veðri og á öllum árstímum.

## BANGSINN BLÆR

**Síðast en ekki síst er það Blær bangsi.** Hverri tösku fylgir einn stór bangsi sem nefnist Blær. Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu. Blær, sem getur verið af hvaða kyni sem menn kjósa, minnir börnin á að gæta hvers annars vel og að vera góður félagi. Hann hjálpar til við ýmis verkefni og faðmar, gleður og huggar börnin.

Gert er ráð fyrir að hvert barn sem tekur þátt í verkefninu fái einn lítinn bangsa sem fylgir því alla leikskólagönguna. Barnið tekur litla bangsann svo með sér þegar það hættir í leikskólanum og fer jafnvel með hann upp í grunnskólann.

Áhrifamáttur bangsanna í verkefninu er ótrúlegur þegar þeir eru notaðir með hugmyndafræði og gildum verkefnisis. Þeir hjálpa börnunum við að tjá tilfinningar sínar, að tengjast öðrum börnum og hjálpa félögum sínum svo eitthvað sé nefnt.



# UPPHAF VINÁTTU

Það var árið 2005 sem Red Barnet – Save the Children í Danmörku og María krónprinsessa tóku sig saman um að þróa forvarnarverkefni gegn einelti sem hæfist á leikskólaaldri. Rannsóknir höfðu þá sýnt að tíðni eineltis væri ekki á undanhaldi, þrátt fyrir fjölda eineltisverkefna sem höfðu verið í gangi. Árið 2007-2008 var verkefnið *Fri for mobberi* tilraunakennt í sex leikskólum og fjórum grunnskólum í Danmörku. Skólum og leikskólum sem tóku þátt í verkefninu fjölgaði svo jafnt og þétt og í dag eru 50% allra leikskóla í landinu með efnið til notkunar og 40% grunnskóla.

Lars Stilling Red Barnet Nettebert, verkefnastjóri Fri for Mobberi hjá systursamtökum Barnaheilla í Danmörku, hefur starfað að verkefninu frá upphafi. Hann segir að þróunarvinnan haldi þó stöðugt áfram sem og framleiðsla á viðbótarefni.

Nú er verkefnið í notkun í öllum skólum og leikskólum í Grænlandi, í 70% leikskóla í Eistlandi auk 80 grunnskóla og Færeyjar stefna að fyrsta námskeiði fyrir leikskólakennara í ágúst. „Það er gaman að segja frá því að þrjú lönd til viðbótar hafa áhuga á að innleiða verkefnið, en það eru Pólland, Rúmenía og Litháen." segir Lars og bætir við að nú sé komið út efni fyrir börn undir þriggja ára aldri sem sé í tilraunavinnu og verið sé að þróa efni fyrir 3.- 4. bekk grunnskóla sem byggir á heildstæðri nálgun skóla. En auk þess sé stefnt á frekari landvinninga, enda verkefnið afar árangursríkt í baráttunni gegn einelti; „Markmiðið er að 1-2 ný lönd bætist í hópinn á hverju ári."

Lars segir að það sé afar gefandi að sjá þennan góða framgang verkefnisins og hversu vel því sé tekið alls staðar sem það fer: „Það er algjörlega frábært að sjá þetta verkefni fá vængi og upplifa hvað það virkar vel þrátt fyrir mismunandi menningu á hverjum stað."

**Sigríður Guðlaugsdóttir**

## RANNSÓKNIR HÁSKÓLANS VIÐ HRÓARSKELDU SÝNA ÁRANGUR VERKEFNISINS.

- Börnin taka eftir þeim sem horfa á en aðhafast ekki
- Börnin eignast nýja leikfélaga
- Þau eru varkárari
- Eldri börnin hjálpa þeim yngri
- Eldri börnin sækja fullorðinn til að hjálpa

## RANNSÓKNIRNAR SÝNA EINNIG:

- Það er mikilvægt að hefja forvarnir gegn einelti strax í leikskóla
- Börn frá þriggja ára aldri eru viðkvæm fyrir stríðni
- Börn frá sex ára aldri eru viðkvæm fyrir einelti
- Einelti er öðru vísi en stríðni – og verra
- Börnin telja vináttu mjög mikilvæga

## OG ÞÆR SÝNA JÁKVÆÐ ÁHRIF:

- Börn sem hafa unnið með Vináttuverkefnið frá leikskólaaldri eru mun betri í að höndla stríðni og einelti en börn sem hafa ekki tekið þátt í verkefninu
- Starfsfólk upplifir að efnið sé spennandi, þroskandi og gefandi. 98% starfsfólks myndi mæla með verkefninu við aðrar stofnanir.
- Vinátta og virk þátttaka fullorðinna spilar lykilhlutverk í baráttunni gegn einelti

# GALDURINN VIÐ VINÁTTU

„Það er einhver galdur við Vináttu. Við fundum strax á tilraunastiginu að þetta var ekki bara enn eitt verkefnið ofan á allt annað og árangurinn er svo augljós. Vinátta er bæði ofboðslega skemmtileg og fellur algjörlega inn í starfið á leikskólanum sem gerir það að verkum að við erum gífurlega ánægð með verkefnið," segir Kristín Gísladóttir, leikskólastjóri á Uglukletti í Borgarnesi. Leikskólinn var einn þeirra sex leikskóla sem tóku þátt í tilraunakennslu með Vináttu veturinn 2014-2015. Kristín er jafnfamt einn þeirra leikskólakennara sem kennir á Vináttunámskeiðum á vegum Barnaheilla.

Sem dæmi um árangurinn segir Kristín frá stelpu sem hafi verið í aðlögun fyrr á árinu; „Hún grét og var hálfómöguleg. Mér tókst ekki að hugga hana. Einn af stóru strákunum fylgdist með og bauðst að lokum til að sækja Blæ svo stelpan myndi hætta að gráta. Fyrir hann var Blær lausnin. Og það fannst mér sýna að Blær skiptir virkilega miklu máli fyrir krakkana." segir Kristín.

Svanhildur Ólafsdóttir er leikskólakennari á Uglukletti. Hún tekur undir þetta og segir að myndirnar á spjöldunum séu ekki síður mikilvægar því þær vekji börnin til umhugsunar: „Þau eru mjög fljót að sjá hvað er rétt og vita alveg upp á hár hvað eru góð eða slæm samskipti. Mér finnst þau geta sett sig betur í spor annarra og hafa betri skilning á líðan þess sem er skilinn útundan. Um daginn fórum við til dæmis í strætó og einn strákurinn var leiður því vinur hans ætlaði ekki að sitja hjá honum. Þá kom annað barn og sagði: „Ég skal sitja hjá þér." Þannig að gildin síast klárlega inn og Vinátta gefur börnunum verkfæri til að takast á við mismunandi aðstæður."

Kristín bætir við að eitt það sem börnin séu stoltust af sé að vera hugrökk og að stíga inn í aðstæður til að hjálpa vinum sínum.

Þátttaka foreldra í verkefninu skiptir miklu máli að mati Kristínar; „Það er mikilvægt að geta leiðbeint þeim. Vinátta getur nefnilega leyst svo ótrúlega margt í samskiptum á svo auðveldan hátt. Líka inni á heimilum. Þar skapast umræða þegar póstkortið fer heim og þegar gestir koma í heimsókn eins og amma og afi. Þannig festa þessi góðu gildi



*Svanhildur Ólafsdóttir í Vinastund.*

sig betur í sessi og smitast út í samfélagið. Ég hef alveg tröllatrú á að verkefnið sé að gera svo margt gott fyrir alla sem kynnast því."

Svanhildur segir að Vinátta hafi ekki bara áhrif á börnin. Verkefnið hafi áhrif á alla sem kynnist því og hafi til dæmis breytt því hvernig starfsfólkið tali við hvert annað og fái það til að skoða sjálft sig sem fyrirmyndir.

Verkefnið hefur mikilvægan sess í leikskólastarfinu, en til að enginn fái leið á því fer Blær í sumarfrí á hverju sumri. Kristín segir að áður en fólk byrji að vinna með verkefnið skilji það stundum ekki þátt Blæs bangsa. „En þá segi ég; „Þú átt eftir að fatta það, hann er nefnilega galdurinn í þessu." Blær kemur með trukki á haustin og fer svo í sumarfrí og það er svo mikilvæg upplifun að hann fái frí eins og aðrir. Síðast settum við Blæ upp á skáp í kaffistofu í „sumarfríinu" og áttuðum okkur ekki á að krakkarnir sáu hann. Það varð uppi fótur og fit og þau voru miður sín að hann væri bara uppá skáp. Mér leið eins og ég hefði sagt þeim að jólasveinninn væri ekki til, þau voru svo miður sín!"

## LJÓS KVIKNAÐI VIÐ AÐFERÐIR BIRTE

Kristín segir að það sé einnig gaman að sjá hvernig hægt sé að nota Vináttu á mismunandi hátt;

„Það kviknaði til dæmis alveg nýtt ljós hjá mér þegar ég kynntist aðferðum Birte með tónlistinni. Þar var kominn enn einn galdurinn. Þótt ég hafi verið að kenna á námskeiðunum og notað tónlistina með textunum, þá tengdi ég ekki hvað þetta eru frábærar aðferðir fyrr en ég sá þær hjá henni," segir Kristín.



*Kristín Gísladóttir, leikskólastjóri á Uglukletti*

Kristín hefur kynnt Vináttu fyrir öðrum leikskólum í Borgarnesi og segir að um leið og fólk sjái efnið og skilji að verkefnið skapi ekki auka vinnu fyrir starfsfólkið heldur auðveldi starfið, þá sé mikill áhugi á að byrja sem fyrst, nú séu allir leikskólar í sveitarfélaginu komnir inn.

## VINÁTTA FYRIR YNGRI OG ELDRI BÖRN

Kristín segir að foreldrar leikskólabarnanna kalli eftir að Vinátta fylgi börnunum áfram í upp á næsta skólastig. Grunnskólaefnið sem nú er verið að þýða og staðfæra muni því koma sér afar vel, enda mikilvægt að efnið þroskist með börnunum; „Svo hlökkum við líka mikið til að fá efnið fyrir yngri börnin, 1-3 ára. Ég sá það þegar við heimsóttum Red Barnet í Danmörku. Efnið er einfaldað fyrir þann hóp og á eftir að gefa þeim svo mikla rödd. Þar er notað táknmál með tali og myndir með svipbrigðum sem snúast um að kenna þeim að þekkja tilfinningar sínar. Ég sé mjög mikinn efnivið þar og það sem ég sá úti var alveg, já. …Já. …JÁ!"

Kosturinn við Vináttu að mati Kristínar er hvað hún er einföld. Hvað efnið er handhægt, en einnig finnst henni skipta máli að góðgerðarsamtök standi að baki verkefninu svo það verði ekki markaðssjónarmiðum að bráð; „Það er enginn að reyna að græða á þessu, þetta er bara traust og heiðarlegt verkefni sem hefur bara einn tilgang."

Svanhildur tekur undir þetta og bætir svo við: „Auðvitað væri líka best að Vinátta færi sem víðast. Það væri bætandi fyrir allt samfélagið."

**Sigríður Guðlaugsdóttir**

# GOTT ER AÐ EIGA VIN,

## TÓNLISTARDISKUR OG – HEFTI

Barnaheill – Save the Children á Íslandi bjóða nú upp á sérstakt tónlistarnámskeið sem miðar að því að veita leikskólakennurum og leiðbeinendum innblástur og góðar hugmyndir um notkun tónlistarefnisins í starfinu með hugmyndafræði og gildi Vináttu að leiðarljósi. Kennari á námskeiðinu er Birte Harksen, leik- og grunnskólakennari, sem hefur um árabil unnið með tónlist og dans á heilsuleikskólanum Urðarhóli.

Birte hefur sótt námskeið hjá höfundi tónlistarinnar, Anders Bøgelund, í Danmörku og notað efnið í leikskólum í Kópavogi; „Þetta efni er einstaklega vel unnið og skemmtilegt að nota með leikskólabörnum," segir Birte um tónlistarefnið.

„Mig langar að lýsa ánægju minni með tónlistarnámskeiðið hjá Birte. Ég hef unnið með Vináttuverkefnið frá upphafi og finnst þetta alveg frábært efni sem ég nýti í nánast öllum stundum. Þar til ég fór á tónlistarnámskeiðið hafði ég hins vegar ekki nýtt mér tónlistina sem fylgir Vináttu. En Birte opnaði fyrir mér nýja vídd með efnið og gaf flottar hugmyndir um hvernig hægt er að nýta tónlistina og leiki til að stuðla að góðri vináttu og efla vinatengsl."

***Sigríður Kristín Sigurðardóttir***
***4/5 ára deild í Flataskóla***



***Birte í dansi og leik með börnunum á Urðarhóli***


**HiPP hjálpar til við að vernda framtíð barnsins þíns**

- Lífræn vottun
- Framleitt úr innihaldsefnum sem vaxa náttúrulega og kitla bragðlaukana
- Allt hráefni ræktað án notkunar meindýraeiturs
- Engin erfðabreytt hráefni
- Kjöt af dýrum í hagabeit
- Framleitt úr hreinu, fersku vatni úr okkar eigin verndaðri uppsprettu
- Sérhver HiPP lífræn uppskrift fer í gegnum 260 gæðaprófanir






**Við ❤ lífrænt**



# VERNDARI VINÁTTU

**Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hefur þegið boð Barnaheilla um að gerast verndari Vináttu, forvarnarverkefnis Barnaheilla gegn einelti í leik- og grunnskólum. Guðni á tvö börn sem eru þátttakendur í verkefninu á leikskólanum Holtakoti á Álftanesi sem hefur innleitt Vináttu.**

Ég hitti forsetahjónin Guðna og Elizu Reid, á Bessastöðum. Við ákveðum að spjalla saman í bókhlöðunni inn af Bessastaðastofu og Helga, starfsmaður á Bessastöðum, býður okkur kaffi, en forsetinn fær sér sódavatn og við Eliza klassískt íslenskt kranavatn.

Við hefjum viðtalið á að tala um ástæðu þess að Guðni tók að sér hlutverk verndara Vináttu? „Mér finnst sjálfsagt að leggja svona góðu verkefni lið og langar að vitna í lokaorðin í einu ljóða Tómasar Guðmundssonar, um að það dugi ekki að sitja hjá: „Því meðan til er böl sem bætt þú gast,og barist var á meðan hjá þú sast,er ólán heimsins einnig þér að kenna.“ Ég veit að Barnaheill hafa unnið gott starf í þágu barna og Vinátta er mikilvægt verkefni. Kannski stendur þetta okkur Elizu líka dálítið nær en öðrum í svipaðri stöðu af því við erum með börn á leikskóla- og skólaaldri. Við tölum daglega við þau um lífið og starfið í skólunum og erum enn að hjóla, sækja og skutla og fara á foreldrafundi. Svo við erum í góðum tengslum við þennan heim.“

Guðni og Eliza eiga fjögur börn, Eddu Margréti Reid, 3 ára, Sæþór Peter, 5 ára, Donald Gunnar, 7 ára, og Duncan Tind, 9 ára. Fyrir átti Guðni Rut, sem verður 23 ára á árinu. Edda Margrét og Sæþór Peter þekkja Vináttuverkefnið vel. Þau voru í Leikskóla Seltjarnarness sem hefur verið þátttakandi verkefninu frá upphafi og var einn tilraunaleikskóla Vináttu árið 2014-15. Á Holtakoti fylgir Blær þeim áfram, því þar hefur Vinátta einnig verið innleidd.

Guðni: „Það jákvæða við þetta verkefni er að það er ekki lengur verkefni í huga barnanna. Þetta er bara hluti af því að vera í leikskóla og það er orðið þeim eðlislægt að þessi gildi séu höfð í heiðri.“

Forsetahjónin þekkja bæði til eineltismála úr æsku sinni. Eliza af eigin raun, en hún lenti í stríðni þegar hún flutti sem barn í Kanada og fór í annan skóla; „Mér var stundum strítt





„Krakkar eru stöðugt að þroskast og læra á lífið og það eflir í sjálfu sér sjálfstraust að geta gert góðlátlegt grín að sjálfum sér," segir Guðni; „Þannig læra krakkar líka að finna muninn á því að gantast í öðrum og því sem verður ljótt og leiðinlegt. Þetta er sífellt lærdómsferli og þar skipta kennarar og leikskólakennarar miklu máli. Þess vegna er verkefni eins og Vinátta svo mikilvægt. Það undirstrikar umhyggju, vináttu, umburðarlyndi og hugrekki. Að þora að segja stopp og þá þarf líka hugrekki til að fallast á það; … Já, nú ætla ég að hætta þessu. Þannig að hugrekkið virkar á báða bóga."

Guðni: „Það er varla hægt að undirstrika um of mikilvægi þess að taka á einelti strax í leikskólum og í skólum, því við vitum hversu djúp sár einelti getur orsakað og hversu erfitt það getur verið fyrir fólk að takast á við það. Því miður eru mörg dæmi um að fólk hafi skaðast fyrir lífstíð eftir að hafa lent í einelti."

því ég var öðruvísi. Þetta var í 5. bekk og þá eru krakkar á viðkvæmum aldri. Þá voru líka aðrir tímar og ekki eins mikið talað um þessa hluti."

Guðni varð hins vegar ekki sjálfur fyrir stríðni. Mamma hans var kennari, honum gekk vel í skólanum, var í íþróttum og því ekki líklegur til að verða fyrir einelti; „En ég man eftir svæsnu einelti í skólanum og það var lítið tekið á svoleiðis hlutum í þá daga. Því miður vorum við líka of mörg sem þökkuðum bara fyrir að verða ekki fyrir því, þótt við tækjum ekki þátt. Ég man þó eftir einum strák sem sýndi gott fordæmi. Hann var mikill töffari, frábær í íþróttum, vinsæll og glæsilegur á alla lund en átti vin sem var þybbinn, gekk ekki vel í skólanum og því augljóst skotmark. Þessi strákur sagði við krakkana; „Hér er vinur minn og það snertir hann enginn, hann verður látinn í friði." Þarna tók þessi flotti strákur bara af skarið og sýndi hugrekki. Þannig þurfum við að vinna saman. Ekki bara þakka okkar sæla fyrir að lenda ekki í stríðni og einelti."

Guðni telur mikilvægt að gera greinarmun á einelti og stríðni. Góðlátlegt grín eða stríðni geti verið eðlilegur hluti af samskiptum; „Maður verður að geta gert grín að sjálfum sér og maður verður að mega stríða öðrum pínulítið, en maður þarf að passa hvar mörkin liggja. Fólk er mismunandi móttækilegt og það sem byrjar kannski sem saklaus stríðni getur endað sem vont einelti. Þeir sem hins vegar hafa nægilegt sjálfstraust og sjálfsöryggi geta tekið góðlátlegu gamni, en hætta líka að henda gaman að öðrum um leið og þeir finna að því er ekki vel tekið."

Í foreldrahlutverkinu finnst Elizu þetta líka snúast um þá virðingu sem foreldrar sýni hvort öðru; „Börnin fylgjast svo vel með því sem við segjum, þótt við séum ekki að tala beint við þau. Það er í góðu lagi að sýna þeim að við stríðum hvort öðru stundum og það má. En við tölum aldrei illa um annað fólk. Við grípum hins vegar tækifærið ef við sjáum eitthvað í sjónvarpinu og ræðum við þau af hverju fólk segir suma hluti."

Samtalið berst að nýbúum og börnum sem eru af erlendu bergi brotin. Telur Eliza að Vinátta skipti máli fyrir þennan hóp barna?

„Vinátta skiptir máli fyrir alla sem eru meira viðkvæmir fyrir að verða fórnarlömb stríðni eða eineltis, hvort sem það eru útlendingar eða ekki," segir hún og Guðni bætir við að það skipti máli að kenna krökkum að vinna saman á jákvæðan hátt; „Það gildir í þessu eins og svo mörgu öðru að sú vinna og það fé sem er lagt í forvarnir af hvers kyns tagi skilar sér margfalt til baka."

„Og það segir sig sjálft að það skiptir máli að vera vinir, vera hugrökk, sýna umhyggju og umburðarlyndi. Þannig búum við til betra samfélag," segir forsetinn að lokum.

**Sigríður Guðlaugsdóttir**



*Í samstarfi við Hjálparstarf Kirkjunnar var fötum sem söfnuðust í fatasöfnuninni komið í réttar hendur.*

# VIÐBURÐARRÍKT ÁR AÐ BAKI

**Ungmennaráð Barnaheilla er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára sem vinnur að því að virkja börn og ungmenni til þátttöku, hafa áhrif og halda viðburði ásamt ýmsu öðru. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins.**

Ekki er hægt að segja annað en undanfarið ár hafi verið það viðburðaríkasta og áhrifamesta í sögu ungmennaráðs Barnaheilla frá upphafi. Með fjölgun meðlima hefur verið unnið framúrskarandi starf í grasrótinni sem og með systursamtökum okkar á Norðurlöndum. Í sumar fóru fjórir meðlimir ráðsins til Noregs í sumarbúðir PRESS. Þar komu saman meðlimir í norræna samstarfinu og okkur gafst tækifæri til að kynna það sem við höfum verið að gera, hvert við stefnum sem og að fá hugmyndir og hvatningu.

Aðalfundurinn okkar hefur aldrei verið jafn flottur. Fundurinn var vel sóttur og stefnan sett fyrir komandi starfsár. Jafnframt fengum við gestafyrirlesara frá systursamtökum okkar í Svíþjóð sem setti skemmtilegan og fræðandi svip á aðalfundinn. Í kjölfarið var haldinn vinnufundur þar sem unnið var nánar að mótun markmiða okkar og framkvæmdaáætlunar komandi starfsárs svo dæmi séu nefnd.

Ungmennaráðið hefur jafnframt átt í samstarfi við önnur samtök og ráð sem starfa að réttindum barna. Með ungmennaráði UNICEF og ráðgjafahópi umboðsmanns barna veittum við Barnaréttindaverðlaunin á árinu. Verðlaunin vöktu mikla athygli í fjölmiðlum.

Í lok síðasta árs stóðum við fyrir fatasöfnun fyrir flóttamenn. Margir lögðu hönd á plóg og gekk hún vonum framar, sérstaklega í kjölfar góðrar fjölmiðlaumfjöllunar. Á síðasta ári hefur ungmennráðið einnig verið áberandi á sameiginlegum fundum og viðburðum. Ungmennaráðið kynnti hluta úr skýrslu Evrópuhóps Save the Children um tengsl barnafátæktar og skorts á tækifærum og menntun, fundaði með öðrum ráðum og samtökum á fundi á vegum UMFÍ og fjórir fulltrúar fóru á vinnustofu og fund norræns samstarfs ungmennahreyfinga Save the Children í Stokkhólmi. Ungmennaráðið var boðað á fund hjá umboðsmanni barna, sem vildi gefa börnum rödd við val á nýjum umboðsmanni. Jafnframt hefur ráðið verið í fjölmörgum viðtölum hjá fjölmiðlum og fjallað um mannréttindi og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ungmennaráðið setti upp nýja áætlum fyrir fyrsta árshelminginn þar sem sérstök áhersla var lögð á flóttabörn. Hópurinn „Vinir Ungmennaráðs Barnaheilla“ var stofnaður og miðar að því að tengja unga innflytjendur öðrum ungmennum og veita aðstoð eða ráðgjöf. Á vel sóttum fræðsludegi í mars fengum við fyrirlesara úr öllum áttum meðal annars frá systursamtökum okkar í Noregi, ungmennráði SAFT og umboðsmanni barna. Athygli vakti að meðal gesta var alþingismaður sem lét sig málin varða. Ungmennaráðið tók jafnframt þátt í Ungum vísindamönnum, verkefni á vegum Háskóla Ísland og Evrópusambandins.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru og fjöldi smærri verkefna hafa ekki verið nefnd. Á komandi misserum eru mörg spennandi verkefni framundan.

**Hafþór Freyr Líndal**

# BROTIÐ Á RÉTTINDUM FLÓTTABARNA

Háskóli Íslands býður upp á frábæran möguleika fyrir ungt fólk að taka þátt og læra vísindaleg vinnubrögð með keppninni Ungir Vísindamenn. Eftir ábendingu og hvatningu ákváðu tvö okkar að taka þátt og rannsaka upplifun flóttabarna á því að leita hingað eftir alþjóðlegri vernd. Í stuttu máli kom það okkur verulega á óvart að almennt var brotið á réttindum barna til menntunar, tómstunda og til að láta skoðanir sínar í ljós.

Mér varð hugsað til hugmyndar sem ég fékk þegar ég var stödd í Svíþjóð á fundi ungmennasamtaka Save the Children á Norðurlöndum. Þar var mikil umræða um málefni flóttafólks, Barnasáttmálann, kosti hans og galla og fleira. Á fundinum hafði ég punktað hjá mér hvort farið væri eftir öllum réttindum Barnasáttmálans þegar flóttabörn koma til landsins. Við lásum m.a. nýju og gömlu útlendingalögin, barnaverndarlög, stjórnarskrá Íslands og auðvitað Barnasáttmálann ásamt því að taka viðtöl við verkefnastjóra í málefnum hælisleitenda hjá RKÍ og sálfræðing. Þorsteinn Orri Garðarsson gerði myndræn plakót fyrir okkur um þau réttindi sem gilda þegar börn sækja um alþjóðlega vernd hér á landi. Mikilvægt er að börn sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi þekki réttindi sín og geti nálgast upplýsingar um þau.

Rannsókn okkar miðaði því að því að skoða móttöku flóttabarna, réttarvernd þeirra og meðhöndlun umsókna um alþjóðlega vernd. Markmið rannsóknarinnar var að upplýsa hvaða réttindi gilda við meðferð mála þegar barn sækir um alþjóðlega vernd hér á landi.

Eins og áður sagði komu niðurstöðurnar okkur verulega á óvart. Almennt var brotið á réttindum barna til menntunar og fræðslu sem þau eiga rétt á samkvæmt 28. og 29. grein Barnasáttmálans. Auk þess var börnum undir 15 ára aldri ekki boðið viðtal þar sem þau fengu að tjá skoðanir sínar vegna aldurstakmarks í lögum. Við viljum að aldurstakmarkið verði fellt úr gildi og horft verði alfarið til þroska barnsins, svo litið sé til 12. og 13. greinar BS. Þá virtist lítið sem ekkert vera í boði fyrir börn sem dvelja á móttökustöð þegar kom að leik, hvíld og tómstundum en samkvæmt 31. grein BS er það réttur þeirra. Umsóknarferillinn um alþjóðlega vernd virðist einnig vera mjög fullorðinsmiðaður og þar má margt bæta. Niðurstaða okkar var að skoða þurfi ferilinn upp á nýtt út frá augum




barna. Ekki á að skipta máli hversu lengi barn dvelur hér á landi, öll börn eiga sama rétt sem ber að virða.

Verkefni okkar hlaut annað sæti í keppninni og fær einnig að halda áfram í Evrópukeppni ungra vísindamanna, sem haldin verður í Tallin í Eistlandi í september. Aldrei er það of oft nefnt að ekki má mismuna börnum eftir því hvaðan þau koma. Öll börn eiga sama rétt! Barnaréttindabaráttan heldur áfram.

**Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet**
formaður ungmennaráðs Barnaheilla

# VINIR UNGMENNARÁÐS BARNAHEILLA

Í vor fórum við í ungmennaráðinu af stað með verkefni sem við köllum *Vinaverkefnið*. Okkur langaði að gera eitthvað með ungum nýbúum á Íslandi, en ekki bara að gera eitthvað fyrir þá. Í kjölfarið höfðum við fatasöfnun, tókum þátt í *Ungum vísindamönnum* hjá Háskóla Íslands og ákváðum að byrja *Vinaverkefnið*.

Verkefnið er afar einfalt en skemmtilegt og felst einfaldlega í því að hittast til að gera eitthvað saman. Við höfum hingað til skipulagt allt í gegnum facebook hópinn „Vinir ungmennaráðs Barnaheilla“ sem allir eru velkomnir í. Við hittumst sirka aðra hverja viku og höfum nú hist fjórum sinnum - og það styttist í næsta hitting.

Allir sem hafa tekið þátt í verkefninu hafa haft gaman af. Við höfum gert margt skemmtilegt á þessum fáu hittingum, farið í sund, bíó, dansað, bakað vöfflur og fleira skemmtilegt. Svona verkefni geta verið lengi að komast á skrið en nú hafa fleiri bæst í hópinn og allt lítur út fyrir að við höldum áfram að stækka og dafna.

**Ingibjörg Ragnheiður Linnet**



# NORDIC CO-OP CAMP Í STOKKHÓLMI



Í janúar 2017 fórum við fjögur frá Ungmennaráði Barnaheilla til Stokkhólms að sækja fund á vegum norræns samstarfs ungmennaráða Save The Children á Norðurlöndunum. Þetta var annar formlegi fundurinn sem ég sótti. Ferðin reyndist hreint út sagt frábær og ótrúlegt hvað var hægt að ræða mikið og læra á þessum hittingi. Eftir að hafa kynnst öðrum þátttakendum með ýmsum nafna- og samskiptaleikjum var liði safnað saman á sal.Meginþema fundarins var að læra eitthvað af því sem hin ráðin eru að gera í sínu starfi.

Press frá Noregi byrjaði á því að kynna herferð sína „Gullbarbie“. Herferðin gengur út á það að veita fyrirtæki sem stendur fyrir því að láta ungu fólki líða illa yfir útliti sínu og atferði einskonar skammarverðlaun. Það væri virkilega áhugavert að sjá hverskonar viðbrögð herferð af þessu tagi myndi hafa hér á landi.

Fulltrúar Save the Children á Álandseyjum, héldu áhugaverða kynningu um sumarstörf sem þau bjóða uppá fyrir unga krakka sem koma úr mismunandi áttum - líkt og hjá skapandi sumarstörfum Reykjavíkurborgar sem miða að því að börn finni sér eitthvað að gera í tengslum við réttindi barna.

Ungmennaráð Red Barnet í Danmörku kynntu starf sitt með ungum krökkum sem þau kalla einskonar vinahóp. Þá eru sjálfboðaliðar stuðningsaðilar fyrir börn sem eru að ganga í gegnum erfið tímabil. Hér er einmitt mikilvægt að ráða ekki bara hvern sem er þar sem börn tengjast fólki verulega sterkum böndum og þarf manneskjan því að vera til staðar í talsverðan tíma.

Stelpur úr ungmennaráðinu í Svíþjóð höfðu nýverið stofnað ungmennahóp í sveitafélagi sínu. Þær ræddu hinar ýmsu áskoranir sem geta orðið á vegi manns þegar komið er af stað samtökum, en við í hópnum frá Íslandi gátum tekið undir margt af því sem þau sögðu.Til dæmis að takast á við litla mætingu á fundi, almenna þátttöku í viðburðum og verkefnum auk öflunar styrkja og fleirra.

Við í Ungmennaráði Barnaheilla ræddum mikilvægi þess að vera í góðum samskiptum við móðursamtök okkar.Til dæmis varðandi styrki, auglýsingar o.s.fr. Okkur fannst við skara framúr á þessu sviði en við höfðum kynnst því að samband hinna ungmennaráðanna við móðursamtök sín voru lítil eða engin.

Fundirnir eru þó ekki það eina sem gert er í ferðum sem þessum. Á kvöldin er spilað og farið í leiki þar sem allir kynnast og mynda tengsl. Því er þetta frábært framtíðartækifæri fyrir alla og ég hvet krakka hér á Íslandi til að taka þátt og vera virk í þessum frábæra hópi sem við erum að byggja upp.

**Gunnar Ágústsson**

# NÝTT MERKI UNGMENNARÁÐS BARNAHEILLA




Ungmennaráðið hélt merkjasamkeppni fyrr á árinu meðal 1. árs nema við Listaháskóla Íslands í grafískri hönnun. Ttilgangurinn var að auka sjálfstæði ráðsins og skapa sterkari ímynd.

Ungmennaráðið valdi merki Margrétar Aðalheiðar. Merkið notast við nafnið Ungheill, sem hún bjó til, en bæði nöfnin *Ungheill* og ungmennaráð Barnaheilla verða notuð.

Merkið sýnir vel tilgang ungmennaráðsins, það að börn og ungmenni fái að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á sitt samfélag. Einnig er gleðin einkennandi fyrir starf ráðsins sem sést vel í merkinu.

Við þökkum öllum þátttakendum og leiðbeinendum þeirra, Atla Hilmarssyni, aðjúnkt í hönnunar- og arkítektúrdeild, og Herði Lárussyni, kennara við sömu deild, kærlega fyrir að taka við þessu verkefni okkar í upphafi og vinna það af mikilli fagmennsku og gleði.

**Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet**

Aukakrónur

# Þú getur keypt næstum hvað sem er fyrir Aukakrónur


Matvara



Íþrótta- og útivistarvörur


Gjafavara


Kaffihús og veitingastaðir


Heilsurækt


Allt fyrir bílinn


Raftæki


Fatnaður


Afþreying

JONSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# AFLEIÐINGAR FORELDRAÚTILOKUNAR FYRIR BÖRN

## FORELDRAÚTILOKUN OG UMGENGNISTÁLMANIR

Á dögunum var haldin ráðstefna um foreldraútilokun, málefni sem Barnaheill styðja að fái faglega umræðu. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Leyfi til að elska* og á henni talaði fjöldi sérfræðinga um málefnið, bæði innlendir og erlendir. Í myndskeiðum á ráðstefnunni komu fram ýmsar upplýsingar byggðar á rannsóknum frá þremur íslenskum sérfærðingum, þeim Heimi Hilmarssyni, félagsráðgjafa hjá barnaverndum þriggja sveitarfélaga á Suðurnesjum og formanni félags um foreldrajafnrétti og Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og formanns Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd við HÍ, og Sæunni Kjartansdóttur, sálgreini hjá Miðstöð foreldra og barna. Við birtum hér úrdrátt úr tveimur myndbandanna sem er að finna á YouTube rásinni *Leyfi til að elska* þar sem einnig má finna fyrirlestra ráðstefnunnar.

Rannsóknir sýna að börn sem alast upp í umhverfi þar sem þeim er innrætt neikvætt viðhorf til annars foreldris síns og missa tengsl að hluta eða öllu leyti við það, verða fyrir margvíslegum og afar slæmum afleiðingum vegna þess samkvæmt Heimi Hilmarsyni. Erlendar rannsóknir sýni að foreldraútilokun eigi sér stað í 10-15% skilnaða þar sem börn eigi hlut að máli. Helstu afleiðingar fyrir börnin eru kvíði, þunglyndi, lágt sjálfsmat og vanlíðan. Börnin séu einnig líklegri til sjálfskaða, sjálfsvígshugsana, stríði við hegðunarvanda og þau eigi oft erfitt með að stofna til og vera í samböndum á fullorðinsaldri.

Rannsóknir Sigrúnar Júlíusdóttur sýna að afleiðingarnar hafa ekki eingöngu áhrif á meðan börnin eru í aðstæðunum, heldur fylgja þeim gjarnan út lífið og geti komið fram í heilsufari þeirra síðar á lífsleiðinni. Sæunn Kjartansdóttir leggur áherslu á að barn í tilfinningalegu ójafnvægi búi oftast við innri streitu sem hafi áhrif á þroska heilans og taugakerfisins. Það geti haft áhrif á nám og úrvinnslu eigin tilfinninga.

## AFNEITA YFIRLEITT EKKI FORELDRI SEM BEITIR OFBELDI

Í tilfellum þar sem barn er beitt líkamlegu ofbeldi eða vanrækslu af hálfu foreldris er afar sjaldgæft og jafnvel óheyrt að barnið afneiti því foreldri. Hins vegar segir Heimir að í tilfellum um foreldraútilokun sé það tilfellið í yfirgnæfandi meirihluta mála.

Rannsóknir Sigrúnar á uppkomnum skilnaðarbörnum leiða í ljós að þeim finnast deilur foreldranna erfiðastar þar sem þau lendi á milli. Ekki fyrirkomulag, búseta eða tíðni samvista. Það sé börnum óbærilegt að þurfa að velja á milli foreldra sinna, þó geti þrýstingur leitt til þess að barn finni sig knúið til þess að hafna öðru foreldrinu.

Heimir vitnar í rannsóknir Amy Baker, sálfræðings í Bandaríkjunum, á börnum sem urðu fyrir foreldraútilokun sem þau upplifðu sem ofbeldi. Þau áttuðu sig yfirleitt ekki á útilokuninni fyrr en síðar. Erlendar rannsóknir sýni ennfremur að foreldri sem beitir foreldraútilokun líti gjarnan á barnið sem hluta af sjálfu sér. Í þeim tilfellum geti verið erfitt að gera því foreldri grein fyrir áhrifunum á barnið.

Í rannsókn Sigrúnar þar sem spurt var um viðhorf foreldra til tálmana kom meðal annars fram að meðferð væri lykilatriði til að hjálpa foreldrum út úr erfiðum samskiptum eftir skilnað með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

## NEIKVÆÐ ÁHRIF Á SJÁLFSMYND

Þegar barn fær skilaboð um að annað foreldri þess sé á einhvern hátt slæmt getur það skaðað sjálfsmynd barnsins. Sæunn útskýrir að barnið upplifi sig sem hluta af foreldrunum og líti þá á hluta af sér sem slæman. Þetta geti einnig haft skaðleg áhrif þegar barnið verði sjálft foreldri því þá hafi það ekki fyrirmynd af foreldrum sem geti unnið sem teymi að uppeldi barns.

Samfélagið hefur að mati Sæunnar tilhneigingu til að gera lítið úr vanlíðan barna. Áhersla sé lögð á greiningar en mikil varfærni gagnvart því að tengja vanlíðanina við umhverfi barnsins, heimilið og samskipti foreldranna. Bein tengsl séu hins vegar þar á milli og vanlíðan barns og það geti einnig tengst því að það sakni foreldrisins sem það fái ekki að hitta.

## ÚTILOKUNIN ENDURTEKUR SIG

Þegar uppkomin börn komast að því að þau hafa verið alin upp við foreldraútilokun eru þau í miklum vanda að sögn Heimis. Því þótt gagnkvæm ást ríki á milli þess og foreldrisins sem beitti útilokuninni séu töluverðar líkur á að barnið verði sjálft útilokað þegar það stígi fram.



Sigrún telur þó mikilvægt að muna að bakvið öll mál séu manneskjur. Ekki sé verið að ásaka neinn heldur þurfi að beina athygli að hegðun sem sé óheppileg og þurfi jafnvel að vernda börn fyrir.

## MIKILVÆGI GÓÐRA SAMSKIPTA EFTIR SKILNAÐ

Að eiga barn er ekki einkamál foreldra að mati Sæunnar. Þeir hafi afmarkað hlutverk sem sé það mikilvægasta í lífi barnsins fyrstu árin. Til þess að þeir geti sinnt því þurfi þeir margs konar stuðning. Samfélagið ofmeti þó gjarnan getu foreldra til að takast á við vandamál í kjölfar skilnaðar.

Velferð barns eftir skilnað skyldi ávallt vera í fyrirrúmi samkvæmt Heimi og lykillinn að því eru góð samskipti. Þau geti hins vegar verið mjög viðkvæm eftir skilnað og þá skipti miklu máli að báðir foreldrar vandi sig og standi við gerða samninga. Mínútur til eða frá geti skipt sköpum þegar fólk eigi í viðkvæmum samskiptum. Á hinn bóginn sé umburðarlyndi afar mikilvægt gagnvart mögulegum frávikum hjá hinu foreldrinu.

## RÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR

Viðhorf til faglegrar ráðgjafar er eitt af því sem Sigrún hefur spurt um í rannsóknum sínum á um 20 ára tímabili. Betri upplýsingar auki skilning á mikilvægi ráðgjafar sem hjálpi foreldrunum að hlusta á sjónarmið hvors annars, en fræðilegar upplýsingar á netinu séu ekki síður gagnlegar.

Einnig kemur fram að í forsjár- eða umgengnismálum séu um 4-5 % foreldra sem geti ekki náð samkomulagi, hvort sem þeir fá ráðgjöf eða ekki. Þessir foreldrar taki ekki meðferð því þeir séu ekki tilbúnir að skoða sjálfa sig og sjá fleiri hliðar á málum. Þetta tengist persónuleikagerð að mati Sigrúnar og þá þurfi að koma til einhvers konar stýring og aðstoð frá barnaverndarnefndum. Hins vegar sé alltaf óheppilegt þegar foreldrar leiti til lögfræðinga til að berjast fyrir rétti sínum. Það sé uppskrift að stríði. Þó sé jákvæð þróun hjá lögmönnum að vinna í vaxandi mæli með sáttahugtakið í samvinnu við félagsráðgjafa og sálfræðinga. Árangur af því sé augljós. Í þeim tilfellum þar sem fólk fái faglega ráðgjöf náist sátt í 60% mála án aðkomu dómstóla. Þegar horft sé til mikilvægis þess að hlífa börnum við átökum sé það án efa til mikilla hagsbóta því ekkert barn fari varhluta af því ef foreldrar þeirra standi í málaferlum.

## MIKILVÆG ATRIÐI VIÐ SKILNAÐ

Heimir leggur áherslu á að börnin upplifi ekki að þau beri ábyrgð á skilnaðinum. Undir engum kringumstæðum eigi að blanda þeim inn í forsjárdeilur, segja frá skilnaðinum eða orsökum hans. Hann varar alfarið við að barn sé látið bera skilaboð á milli og að það sé ekki látið taka ákvarðanir um hvernig umgengni skuli háttað. Foreldrar þurfi einnig að varast að yfirheyra barnið um veruna með hinu foreldrinu en jafnframt að vera tilbúna að hlusta bæði á gleði og sorg frá hinu heimilinu eigi barnið frumkvæði að því að segja frá.

## AÐKOMA BARNAVERNDA

Þegar annað foreldri beitir foreldraútilokun er mikilvægt að koma því í skilning um afleiðingarnar sem það hefur á barnið. Heimir telur þann farveg bestan hjá barnavernd. Foreldrar þurfi hins vegar að átta sig á að tilkynning til barnaverndar sé ekki af hinu illa. Barnaverndin komi inn með stuðningsúrræði en beiti ekki íþyngjandi úrræðum nema foreldrar neiti samstarfi og barnið búi þannig áfram við óviðunandi aðstæður.

Erlendir sérfræðingar hafa þróað aðferðir til að sameina börn og foreldra sem hafa misst tengsl vegna foreldraútilokunar. Heimir segir árangurinn ótvíræðan. Eftir tveggja til fjögurra daga meðferð sé komið á ástríkt samband, jafnvel í tilfellum þar sem barn hafi alfarið hafnað foreldrinu. Þekkingin sé til staðar og hana þurfi að fá hingað til lands því fjöldi íslenskra barna verði af öðru foreldri sínu þar sem ekki sé verið að vinna með mál þeirra.

**Myndbönd frá ráðstefnunni má sjá á YouTube síðunni Leyfi til að elska.**

**Sigríður Guðlaugsdóttir**


**Vallakór 6**
203 Kópavogur
Nýjar íbúðir í Kópavogi

Stærð: 0 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 0
Fasteignamat: 0

RE/MAX Senter




**Allar upplýsingar er að finna á vallakor.is**

**Verð: 0**





RE/MAX SENTER KYNNIR: Nýjar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir við Vallakór 6 í Kópavogi. Hægt er að skoða teikningar og skilalýsingu inn á vallakor.is

Íbúðirnar eru afhentar í ársbyrjun 2018.

Sérmerkt bílastæði í bílgeymslu fylgir hverri íbúð.

Allar upplýsingar veita Ástþór Reynir í síma 8996753 eða arg@remax.is og Gunnar Sverrir í síma 8622001 eða gunnar@remax.is

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# HEIMILISFRIÐUR FYRIR BÖRNIN

**Það er best fyrir börn að búa við frið. Það er best fyrir börn að búa hjá foreldrum sínum. Það er best fyrir börn að fá kærleiksríkt uppeldi.**

Leiða má líkum að því að flestir séu sammála þessum fullyrðingum. Við stefnum örugglega öll að því að búa börnum okkar bestu mögulegu lífsskilyrði og uppeldisaðstæður. Við stefnum örugglega öll að því að tryggja bestu mögulegu líðan og velgengni barnsins okkar og fjölskyldu.

Þegar foreldrar ákveða að búa ekki saman ber þeim að tryggja að barn njóti umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá. Sú skylda á við um báða foreldra. Þeim ber einnig að gæta þess að umhverfi barns og heimili sé því griðastaður. Staður þar sem barn upplifir frið og öryggi, því slíkt umhverfi er ákjósanlegast svo barn nái að þroskast á besta mögulega hátt og öðlist góðan undirbúning til að lifa sjálfstæðu lífi í frjálsu samfélagi. Börn hafa þannig þörf fyrir góða umönnun, jákvæð tengsl, stöðugleika, öryggi, ró, jákvæðan aga eða ramma og fyrirsjáanlega framtíð. Í öllu þessu felst að foreldrar ættu aldrei að beita neikvæðri innrætingu í garð hins foreldrisins, heldur fremur að leggja sig fram um að styrkja hitt foreldrið í hlutverki sínu, fyrir barnið.

Við fullorðna fólkið höfum öll okkar margbreytilegu verkefni, áherslur og skoðanir. Við höfum misjafnar aðferðir sem við styðjumst við í uppeldi barnanna okkar og okkar aðferðir eru ekki endilega þær einu réttu. Aðrar aðferðir geta verið ólíkar okkar en þurfa alls ekki að vera verri. Við erum alls konar.

Sum börn búa við það að hitta ekki annað foreldri sitt, af ýmsum ástæðum. Vafalaust er misjafnt hvernig þau börn upplifa það og hvaða áhrif það hefur á þau, en rannsóknir sýna að tengsl barns við báða foreldra sína eru því mjög mikilvægt veganesti út í lífið. Svo getur virst sem sumum börnum líði betur að hitta ekki annað foreldri sitt. Þau segi að þau vilji það ekki. Börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og það er mikilvægt að við fullorðna fólkið tökum tillit til þeirra. Í tilfellum þar sem annað foreldrið er útilokað af hinu foreldrinu frá því að eiga samskipti eða umgengni við barnið þarf hins vegar að skoða hvort sá vilji sé í raun þeirra eigin vilji, eða hvort um er að ræða skoðun eða vilja annars foreldrisins sem barnið hefur neyðst til að gera að sínum. Alltaf þarf að skoða hvert tilfelli gaumgæfilega og tryggja bestu hagsmuni barns.

Foreldrar gegna mörgum skyldum gagnvart börnum sínum, meðal annars sem koma fram í lögum. Sem dæmi má nefna 1. grein barnalaga sem foreldrum ber að þekkja og virða: „Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Barn á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.“

Það er líka gott að þekkja hvað felst í forsjárskyldum samkvæmt barnalögum en í 28. gr. þeirra segir meðal annars: „Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum. Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. [......] Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns. Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.“

Foreldrar sem eiga í útistöðum bera mikla ábyrgð á að bæta samskipti sín svo barnið megi búa við frið og öryggi. Barnaheill hvetja foreldra í slíkum aðstæðum til að leita allra leiða, svo sem að leita til fjölskylduráðgjafa um stuðning við að búa barninu lífvænleg uppeldisskilyrði. Margt er hægt að gera til að auka foreldrafærni og styrkja foreldra í hlutverki sínu. Það er öllum holt að skoða sjálfa sig og rækta. Það er alltaf hægt að finna leiðir og lausnir ef vilji er fyrir hendi.

Semjum um heimilisfrið fyrir börnin okkar.



**Þóra Jónsdóttir**

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Glæsilegur

# Hyundai Tucson

Fjórhjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskiptur, bensín eða dísil




**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

ENNEMM / SÍA / NM82026 *Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.



# BÖRN ÁN BERNSKU

**Að minnsta kosti 700 milljónir barna í heiminum fá ekki að njóta bernskunnar af ýmsum ástæðum og eru í raun svift því að fá að vera börn og um leið þeim réttindum sem því fylgja. Það má í raun segja að bernskan sé hrifsuð af þeim.**

Nýlega gáfu Save the Children samtökin út skýrslu er nefnist Stolen Childhood. Þar eru reifaðar helstu ástæður þess að börn njóta ekki bernskunnar og lögð áhersla á mikilvægi þess að alþjóðasamfélagið bregðist við. Samtökin munu árlega héðan í frá gefa út skýrslu um málefnið.

Meginástæður þess að börn fá ekki að njóta bernsku sinnar eru vannæring, slæm heilsa og skortur á heilsuvernd, þau búa við stríðsátök, ofbeldi, eða barnaþrælkun, fá ekki að ganga í skóla, eru látin giftast á barnsaldri og þunganir ungra stúlkna. Þessir þættir hafa afdrifarík áhrif á velferð barnanna, ekki einungis þegar þau eru börn heldur alla ævi. Að svifta börn bernskunni er í raun árás á framtíð þeirra.

Í bernsku eiga börn að njóta öryggis og verndar, þau eiga að fá að ganga í skóla og leika sér. Þau eiga að njóta ástar, umhyggju og stuðnings þeirra fullorðnu svo þau geti þroskast og nýtt hæfileika sína.

Í hartnær heila öld, eða frá stofnun samtakanna árið 1919, hafa Save the Children barist gegn fátækt og mismunun barna. Nú vilja samtökin enn frekar beina sjónum sínum að aðstæðum þeirra barna sem búa við þá mismunun að fá ekki að njóta bernsku sinnar. Það er um fjórðungur barna heimsins.

Stór hluti þessara barna býr í þróunarlöndum og býr við margs konar mismunun vegna uppruna eða stöðu, vegna kyns, tilheyra minnihlutahópi, eða þeirrar stöðu að vera barn á flótta undan átökum og eymd. Um 28 milljónir barna hafa þurft að flýja heimili sín og vaxandi fjöldi barna býr við stríðaátök og það eitt tvöfaldar líkurnar á að barnið nái ekki fimm ára aldri. Á árinu 2015 voru meira en 75.000 börn myrt, 59 prósent þeirra voru unglingar á aldrinum 15 til 19 ára. Fyrir hvert þessara morða eru hundruð eða jafnvel þúsundir barna sem búa við ofbeldi. Að búa við ofbeldi eða ótta við ofbeldi ætti ekki að vera hluti af uppvexti neinna barna.

Þrátt fyrir að fjöldi þeirra barna sem eru utan skóla í heiminum hafi lækkað undanfarin ár, eru enn 263 milljónir barna utan skóla. Það skerðir möguleika þeirra barna og eykur líkur á því að þau muni búa við fátækt í framtíðinni. Börn með fötlun, einkum stúlkur, eru líklegri til að vera utan skóla, ekki síst í fátækari löndum. Flóttabörn eru fimm sinnum líklegri til að vera utan skóla en börn sem eru ekki á flótta. Mörg börn eru utan skóla því þau þurfa að vinna til að sjá fjölskyldu sinni farboða og missa þá af því að þroskast í leik og fá gjarnan ekki næga hvíld.

Þessar ógnir barnæskunnar eru einnig til staðar í hátekjumlöndum og í raun er ekkert land sem tryggir öllum börnum bernskuna. Ísland býr almennt vel að börnum sínum og kemur vel út í samanburði við önnur lönd. Ísland er í 8. sæti í skýrslunni af þeim þjóðum sem standa sig hvað best við verndun bernskunnar. Noregur er í 1. sæti og svo koma Slóvenía, Finnland, Holland, Svíþjóð, Portúgal og Írland.

Í Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna, SDG2030, eru loforð um að börnum heims séu tryggð bernska. Þess vegna skora Save the Children samtökin á alþjóðsamfélagið og stjórnvöld hvers ríkis að tryggja öllum börnum bernsku sína.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**



# BÖRN Í LEIT AÐ VERND Á ÍSLANDI

Á Íslandi sækir árlega fjöldi barna um alþjóðlega vernd sem er af ýmsum ástæðum á flótta frá heimalandi sínu. Á ári hverju er fjölda þessara barna vísað frá af ýmsum ástæðum. Þau eru ekki talin uppfylla skilyrði og teljast ekki eiga lagalegan rétt á vernd á Íslandi. Ýmist eru börnin ein á ferð, það er fylgdarlaus eða í fylgd fjölskyldu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa áhyggjur af börnum á flótta og sérstaklega þeim sem komast hingað til lands en er vísað í burtu. Í Barnasáttmálanum kemur fram sú grundvallarregla að allar ákvarðanir sem varða barn beri að taka með sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu í forgrunni. Samkvæmt því þarf hver sá sem tekur ákvörðun um líf barns að meta áhrif ákvörðunarinnar á líf barnsins fyrirfram til að geta tekið rétta ákvörðun. Því þarf sá aðili að hafa komist að því að best sé fyrir barnið að vera vísað brott til annars lands ef það er niðurstaðan. Viðkomandi þarf jafnframt að geta rökstutt þá niðurstöðu fyrir viðkomandi barni eða aðstandendum þess. Ennfremur þarf barnið að hafa haft tækifæri til þess að tjá sig um aðstæður sínar, vilja og skoðanir áður en ákvörðun er tekin.

Íslenska ríkið er skuldbundið til að byggja allar ákvarðanir sem hafa áhrif á börn á þessum sjónarmiðum og ákvæðum Barnasáttmálans. Það er mikilvægt að allir þeir sem hafa með ákvarðanir um réttindi barna að gera muni þessar grundvallarreglur áður en þær eru teknar. Í almennu áliti nr. 14, um 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans sem Barnaréttarnefndin í Genf gaf út árið 2013 koma fram skýrar leiðbeiningar um notkun grundvallarreglunnar um að það besta fyrir barnið skuli ráða niðurstöðu máls og eru stjórnvöld hvött til að tileinka sér það sem þar stendur skrifað.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi sendu í nóvember 2016 frá sér sameiginlega yfirlýsingu til stjórnvalda, ásamt Rauða krossinum, UNICEF á Íslandi og umboðsmanni barna, vegna barna sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi. Í henni var skorað á stjórnvöld að líta á málefni barna og barnafjölskyldna, sem leita alþjóðlegrar verndar eða sækja um dvalarleyfi af mannúðarástæðum, fyrst og fremst út frá réttindum barnanna. Sú áskorun er í fullu gildi og vonast Barnaheill til þess að ofangreind sjónarmið séu öllum sem málið varðar efst í huga.

**Þóra Jónsdóttir**



# BARNAHEILL STYÐJA SÝRLENSK BÖRN

**Stríðsástandið í Sýrlandi hefur nú varað í rúm sex ár. Ástandið hefur síst batnað á undanförnum mánuðum og átökin halda áfram. Hörmungarnar eru ólýsanlegar og réttindi barna eru brotin á degi hverjum.**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa undanfarin ár stutt við sýrlensk börn í gegnum svokallaðan Svæðasjóð Save the Children vegna Sýrlands. Sjóðurinn veitir fjármagni til neyðarhjálpar og mannúðaraðstoðar vegna neyðarástandsins sem ríkir í Sýrlandi. Sjóðurinn var settur á stofn árið 2014 svo framlög frá meðlimum Save the Children víðsvegar að úr heiminum gætu nýst sem best og væri stýrt skipulega inn í þau verkefni sem samtökin standa fyrir á svæðinu.

Verkefni sem studd eru af sjóðnum er margs konar en áherslur hafa verið á eftirfarandi þætti:

- að útvega flóttamönnum lífsnauðsynjar á borð við mat, vatn, lyf og önnur neyðargögn
- að útvega börnum í flóttamannabúðum nauðsynleg námsgögn
- að koma á fót öruggum leiksvæðum fyrir börn
- að útbúa örugg námssvæði fyrir börn
- að koma á sálfræðilegum stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra í flóttamannbúðum

Á síðasta ári veittu Barnaheill 20,6 milljón króna styrk með stuðningi frá Utanríkisráðuneytinu í Svæðasjóðinn. Styrkurinn var meðal annars nýttur í eftirfarandi verkefni:

## SÝRLAND – DREYFING NAUÐSYNJAVARA

Save the Children hafa veitt mannúðaraðstoð í Al-Hassakeh í norðaustur Sýrlandi síðan 2014 og voru meðal fyrstu hjálparsamtaka sem settu þar upp varanlega starfstöð. Verkefni hennar eru meðal annars tengd menntun, barnavernd, fæðuöryggi og að útvega nauðsynjavörur (non-food items). Í starfsstöðinni starfa 65 manns, þar af 59 Sýrlendingar. Al-Hassakeh er eitt af fátækustu héruðum Sýrlands og hefur verið síðan löngu áður en átökin í landinu hófust. Svæðið hefur verið undirlagt átökum stríðandi fylkinga auk mikils straums flóttamanna frá Mosul og Ninewa í Írak vegna átaka þar. Ástandið er því skelfilegt fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Þau verkefni sem Svæðasjóðurinn hefur styrkt í Al-Hassakeh snúa að útvegun á nauðsynjavörum fyrir bæði sýrlensk börn og fjölskyldur þeirra sem og flóttamannafjölskyldur frá Írak. Búið var að útvega 500 pakkningar með nauðsynjavörum til fjölskyldna í Al Hole flóttamannabúðunum í lok tímabilsins. Forgangsröðun á dreifingu þeirra var gerð í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

## ÍRAK – BARNAVERND

Í Írak eru nú um 240 þúsund sýrlenskir flóttamenn skráðir, þar af eru 46% þeirra börn. Svæðasjóðurinn styrkti mannúðaraðstoð í Dohuk, Erbil og Sulaymaniyah í Írak og í flóttamannabúðum bæði í Dohuk og Erbil þar sem samals um 77 þúsund flóttamenn hafast að. Save the Children stýrðu verkefni í samvinnu við UNICEF þar sem forstöðumaður barnaverndar var ráðinn. Hann sér um þjálfun barnaverndarteymis í búðunum og eftirfylgni á að viðmiðum og reglum um barnavernd og öryggi barna væri framfylgt. Verkefni barnaverndarteymisins er meðal annars að fara á milli búðanna og taka út heilsufar barna, skipuleggja sálfræðiþjónustu, taka á móti vegalausum börnum og sinna eftirlitsmálum. Forstöðumaðurinn stýrði gerð verklagsreglna og samræmingaraðgerðum gagnvart írönskum barnaverndarlögum. Um 114 þúsund börn nutu góðs af barnaverndarþjónustunni. Af þeim fengu um 2700 flóttabörn sérstæk verndarúrræði og

lögfræðiþjónustu. Rúmlega 280 vegalausum börnum var komið fyrir í fóstri en 29 vegalaus börn voru sameinuð fjölskyldum sínum.

### EGYPTALAND OG LÍBANON – STUÐNINGUR VIÐ UNGLINGA SEM ERU Á FLÓTTA

Flóttamannahjálp SÞ áætlaði að haustið 2016 hafi um 15 þúsund sýrlensk börn á aldrinum 12-17 ára verið skráð sem flóttamenn í Egyptalandi. Unglingar og ungmenni eru oft á tíðum einn viðkvæmasti og jafnframt gleymdasti hópurinn sem verður fyrir barðinu á aðstæðum á borð við þær sem nú ríkja í Sýrlandi. Mörg börn á þessum aldri verða viðskila við foreldra sína, öryggi þeirra er því ógnað á margvíslegan hátt og rof verður á skólagöngu þeirra. Með stuðningi Svæðasjóðsins hafa landsskrifstofur Save the Children í Líbanon og Egyptalandi hrundið af stað sameiginlegu tilraunaverkefni sem miðar að valdeflingu unglinga á flótta. Haldnar hafa verið vinnustofur, teymisfundir og þjálfanir þar sem rædd eru málefni á borð við menntun, öryggi, hreinlæti og þátttöku. Í borginni Nasr var sérstaklega unnið með ungum stúlkum en í Bekaa og Tripoli voru hóparnir blandaðir.

### LÍBANON – MENNTUN OG ÞROSKI

Í september 2016 bjuggu að minnsta kosti 1,1 milljón sýrlenskir flóttamenn í Líbanon. Eins og gefur að skilja er samfélagskerfið að sligast undan álagi sem hefur allskyns neikvæð áhif, ekki síst á börn sem eru oft á tímum tekin úr skóla, látin vinna og fæðuörggi þeirra er ógnað. Samkvæmt áætlun frá Alþjóðabankanum búa um 200 þúsund Líbanir við skort til viðbótar við bágt ástand flóttamanna. Save the Children vinna í samstarfi við innlend hjálparsamtök við að uppfylla réttindi barna í landinu óháð uppruna með áherslu á menntun, vernd, skjól og hreinlæti. Með stuðningi Svæðasjóðsins þjálfa samtökin fólk til að vinna með börnum á þessum sviðum.

Önnur verkefni sem Svæðasjóðurinn styrkti á tímabilinu varða til dæmis stuðning vegna fátæktar í Jórdaníu, forvarnarverkefni vegna eldhættu í Líbanon, Every Last Child herferð Save the Children í Jórdaníu og stuðning við málsvarahlutverk og kynningarstarf samtakanna af ástandinu á svæðinu.

Ljóst er að þau verkefni sem Svæðasjóðurinn styrkir eru gríðarlega mikilvæg til að lina þjáningar þeirra barna sem hafa orðið fyrir barðinu á því skelfilega ástandi sem ríkt hefur í Sýrlandi undanfarin 6 ár. Verkefnin eru breytileg frá ári til árs og á milli svæða. Sums staðar er verið að veita mannúðaraðstoð í formi lífsnauðsynja en annarsstaðar er reynt að uppfylla önnur réttindi barna, svo sem til menntunar, þátttöku og verndar. Af nógu er að taka og það sem fram hefur komið hér er aðeins brot af því starfi sem Save the Children vinna á svæðinu.

**Erna Reynisdóttir**

# ÖRUGG BÖRN

## NÝTT VEGGSPJALD UM SLYSAVARNIR




Um árabil hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi boðið heilsugæslustöðvum veggspjald um slysavarnir barna til að afhenda foreldrum í ung- og smábarnavernd.

Nú hefur veggspjaldið verið endurgert og unnið í samstarfi við forvarnardeild *VÍS*. Tilvalið er að hengja það upp á áberandi stað á heimilinu. Það sýnir hvernig hægt er að búa heimili og umhverfi barna á sem öruggastan hátt og reyna þannig að koma í veg fyrir að börn slasist, því slys eru yfirleitt engin tilviljun.

Karl Jóhann Jónsson listmálari gerði myndirnar á veggspjaldinu og á bakhlið þess eru ýmsar upplýsingar um öryggi á heimilum.



*Frá námskeiði sem ungmennaráðin héldu fyrir verðandi talsmenn barna á Alþingi þann 21. febrúar 2017.*

# NÝIR TALSMENN BARNA Á ALÞINGI

Þingmenn úr öllum flokkum gerðust talsmenn barna á Alþingi 7. mars síðastliðinn. Þeir skuldbunda sig þannig til að hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi við störf sín. Fulltrúar ungmennaráða Barnaheilla og UNICEF auk ráðgjafahóps umboðsmanns barna höfðu áður staðið að námskeiði fyrir verðandi talsmenn þar sem þeir kynntu þeim ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvernig hann má nota sem hagnýtt verkfæri við ákvarðanatöku og stefnumótun. Ungmennin lögðu áherslu á að réttindi barna yrðu höfð að leiðarljósi við allar ákvarðanir talsmannanna á þingi.

Talsmenn barna á nýju kjörtímabili eru Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna; Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata; Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins; Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins; Nichole Leigh Mosty, þingmaður Bjartrar framtíðar; Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar.

Talsmenn barna leitast við að tileinka sér barnvæn sjónarmið, bera réttindi og hagsmuni barna fyrir brjósti og meta og vekja athygli á áhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru á þinginu á börn dagsins í dag sem og börn framtíðarinnar.

Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir frá ungmennaráði Barnaheilla, Inga Huld Ármann fulltrúi úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna og Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, formaður ungmennaráðs UNICEF á Íslandi ávörpuðu talsmenn barna þegar þeir voru skipaðir á Alþingi. Þær ræddu um lögbundinn rétt barna og ungmenna til þátttöku og rétt þeirra til að tjá skoðanir sínar í þeim málum sem þau varða og verið er að taka ákvarðanir um. Sömuleiðis minntu þær á mikilvægi þess að tekið sé réttmætt tillit til skoðana og hagsmuna barna og ungmenna.

Barnaheill, umboðsmaður barna og UNICEF á Íslandi eiga hugmyndina að því að skipa talsmenn barna, sem fyrst var gert 2014. Allir þingflokkar útnefna bæði aðalmann og varamann og talsmenn eru því úr öllum flokkum sem sitja á þingi.

**Sigríður Guðlaugsdóttir**

## YFIRLÝSING TALSMANNA BARNA Á ALÞINGI Í HEILD SINNI

Ég, sem talsmaður barna á Alþingi, heiti því að hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi við störf mín sem þingmaður á Alþingi Íslendinga.

Ég, sem talsmaður barna á Alþingi, mun leitast við að tileinka mér barnvæn sjónarmið og hafa réttindi og hagsmuni barna að leiðarljósi í mínum störfum á þinginu.

Ég mun leitast við að meta og vekja athygli á áhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru á Alþingi á börn dagsins í dag sem og börn framtíðarinnar.

Ég mun leitast við að fræða samflokksmenn mína á þingi um réttindi barna og ólíka snertifleti þeirra við störf þingsins.

Ég mun leitast við að tryggja að börn og talsmenn þeirra fái tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingmenn áður en teknar verði ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti.

Alcoa

Alþýðusamband Íslands

ORKAN

APOTEK KITCHEN+BAR

belladonna
Skeifunni 8, 108 Reykjavík

BRAMMER
www.brammer.is

Eirberg

FASTUS

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakki 6 109 Reykjavík

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

HB GRANDI

ÍSLANDS HÓTEL

init

míla
Lífæð samskipta

Keiluhöllin EGILSHÖLL

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

Landsvirkjun

# TAKK!

## ÍSLANDSBANKI RÉTTIR „HJÁLPARHÖND“



Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa í gegnum tíðina notið stuðnings allmargra fyrirtækja. Sá stuðningur er oftar en ekki í formi fjárstuðnings en „Hjálparhönd“ Íslandsbanka veitir stuðning í formi vinnuframlags. Starfsmenn ánafna þannig einum vinnudegi til góðra verka. Þannig hefur Íslandsbankafólk rétt „hjálparhönd“ við hin ýmsu verkefni Barnaheilla. Fyrst ber að nefna pökkun á jólakorti Barnaheilla undanfarin þrjú jól, þátttaka í viðgerðum í Hjólasöfnun Barnaheilla undanfarin tvö ár auk annars konar stuðnings. Þar mætti nefna sérfræðiaðstoð, ráðgjöf, aðstoð við innslátt á gögnum, tölvumál, geymslumál og fleira.

## MYNDSKREYTTIR MELÓNUHAUSAR



Á menningarnótt 2016 fór fram í reiðhjólaversluninni Berlin sýningin *Myndskreyttir Melónuhausar* þar sem handskreyttir reiðhjólahjálmar voru boðnir upp.

Sýningin var samstarfsverkefni fjögurra teiknara verslunarinnar, þeirra Erlu Maríu Árnadóttur, Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur, Lindu Ólafsdóttur og Lóu Hjálmtýsdóttur. Þær handmyndskreyttu 12 reiðhjólahjálma og seldu til styrktar Hjólasöfnun Barnaheilla. Afraksturinn voru 12 einstakir listgripir sem gáfu af sér 220 þúsund krónur.

*Þau Linda Ólafsdóttir og Alexander Schepsky, sem rekur reiðhjólaverslunina Berlín, afhentu Ernu Reynsdóttir styrkinn.*

## ARION BANKI LAGÐI SAMTÖKUNUM LIÐ



Starfsfólk Arion banka lagði samtökunum lið og pakkaði Vináttuefni í töskur fyrir nýja Vináttuleikskóla.

## JÓLAPEYSAN

F&F og Hagkaup styrktu Jólapeysuátak Barnaheilla með því að gefa 10% af söluandvirði jólapeysa til átaksins. Alls voru seldar hátt í 4.000 peysur og söfnuðust þar með 1.225.000 kr. til verkefnisins.

Jólapeysan er fjáröflunarátak Barnaheilla þar sem safnað er fyrir betri heimi fyrir sýrlensk börn sem hafa þolað hörmungar vegna stríðsins í Sýrlandi og búa við erfiðar aðstæður. Samtökin útvega börnum í þessari stöðu og fjölskyldum þeirra innan og utan Sýrlands vatn, mat, lyf, teppi og hlífðarfatnað auk þess að veita víðtækan stuðning á fjölda móttökustöðva í Evrópu.




***Aðstandendur skemmtispilsins Nefndu 3, studdu Jólapeysuna með því að láta 10% af andvirði seldra spila í Hagkaup renna til átaksins. Arnaldur Gauti Johnson afhenti Ernu Reynisdóttur styrk upp á 277.900 krónur.***




***Við afhendingu styrksins frá Hagkaup og F&F, Olga Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri F&F, til hægri, Sigríður Guðlaugsdóttir og Erna Reynisdóttir hjá Barnaheillum til vinstri.***

## SYNGJUM SAMAN, STÖNDUM SAMAN

Síðustu þrjú ár hefur Jóhanna Halldórsdóttir, kórstjóri, staðið fyrir tónleikum þar sem börn syngja til syrktar Barnaheillum –Save the Children á Íslandi. Tónleikarnir Syngjum saman, stöndum saman voru í ár haldnir í Grafarvogskirkju, laugardaginn 1. apríl. Börn úr kórum Hamraskóla og Lindaskóla ásamt Barnakór Neskirkju sungu fyrir fullri kirkju af fólki. Salka Sól Eyfeld song líka með börnunum.



## BÍLALEIGAN SIXT

Bílaleigan Sixt hefur styrkt Barnaheill um notkun á bílum þegar samtökin þurfa á að halda. Erna Reynsdóttir hjá Barnaheillum og Andrea Lilja Ottósdóttir hjá Sixt innsigluðu samning þess efnis með handabandi á dögunum.




## GÓÐGERÐARDAGAR NFS

Góðgerðarráð Nemendafélags Fjölbrautarskólans á Suðurnesjum safnaði fyrir sýrlensk börn í neyð á Góðgerðardögum í skólanum. Ráðið kom færandi hendi með Iðunni Erlu Guðjónsdóttur í fararbroddi og afhentu Barnaheillum 233.000 krónur.



**Stjórn og starfsfólk Barnaheilla þakka öllum sem hafa lagt samtökunum lið og hjálpað Barnaheillum þannig að vinna að mannréttindum barna. Stuðningur ykkar skiptir máli.**

## ÓSKIR ÍSLENSKRA BARNA

Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna byggir á sönnum reynslusögum barna sem hafa upplifað ofbeldi, vanrækslu, einelti eða hafa búið við fátækt. Myndirnar birta ímyndaðar óskir þessara barna og von um betri líðan. Texti úr barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er við hverja mynd og vekur þannig áhorfendur til umhugsunar um réttindi barna. Börn hafa einnig hengt óskir sínar á sérstakt óskatré sýningarinnar.

Sýningin er gjöf Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Ástu Kristjánsdóttur, ljósmyndara, til barna á Íslandi í tilefni 25 ára afmælis samtakanna árið 2014. Steinunn Hauksdóttir sá um uppsetningu, búninga og gerð óskatrésins, en Ásta ljósmyndaði. Öll vinna við sýninguna var unnin í sjálfboðaliðastarfi. Sýningin hefur farið víða um land og var í vetur í Safnahúsinu á Húsavík og á Egilsstöðum.



Óskir íslenskra barna er tilvalin vettvangur fyrir kennara til að skapa umræðu meðal nemenda um réttindi barna. Mögulegt er að óska eftir að fá sýninguna setta upp með því að senda tölvupóst á barnaheill@barnaheill.is.



***STJÓRN BARNAHEILLA 2017. Frá vinstri Guðmundur Steingrímsson, Páll Valur Björnsson, Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri, Brynja Dan Gunnarsdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, formaður, Jón Ragnar Jónsson, Þórarinn Eldjárn, Harpa Rut Hilmarsdóttir, Atli Þór Albertsson, Anni Haugen og Ólafur H. Guðmundsson.***

# VIÐ ERUM BARNAHEILL

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í yfir 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar. Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is. Samtökin eru einnig á samfélagsmiðlunum Facebook, Twitter og Instagram.



***STARFSFÓLK: Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna, Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri, Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri og Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála.***

EFTIRTALDIR AÐILAR HAFA LAGT BARNAHEILLUM – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI LIÐ TIL AÐ GEFA ÞETTA BLAÐ ÚT


NÝHERJI

Domino's

Póst dreifing

Tapas barinn

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

MJÓLKURSAMSALAN

SAMSKIP

Cóa
Stofnað 1968

KFC®




FJÖLSKYLDU

MÁLTÍÐ FYRIR 4
FYRIR AÐEINS

4.849 KR.

## REYKJAVÍK

12 og 12 ehf, Stuðlaseli 29
A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
Aðalmálun ehf, Vindási 2
Aðalverkstæðið ehf, Malarhöfða 2
Aðalvík ehf, Síðumúla 13
Apparat ehf, Ármúla 24
Arctic Track ehf, Skeifunni 8
Arkitektastofan OG ehf, Þórunnartúni 2
Arkís arkitektar ehf, Kleppsvegi 152
Auglýsingastofan ENNEMM, Skeifunni 10
Auglýsingastofan Korter ehf, Nethyl 2
Áltak ehf, Fossaleyni 8
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
ÁTVR Vínbúðir, Stuðlahálsi 2
Bandalag kvenna í Reykjavík, Hallveigarstöðum, Túngötu 14
Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica Egilsgötu 3
BBA/Legal ehf, Katrínartúni 2
Bending 1 ehf, Bæjarflöt 8F
BGI málarar ehf, Brekkubæ 17
BílaGlerið ehf, Bíldshöfða 16
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
BK eignir ehf, Baldursgötu 18
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Blikksmiðjan Glófaxi hf, Ármúla 42
Bókhald og skattskil slf, Bolholti 4
Bókhaldsstofa Haraldar slf, Síðumúla 29
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf, Bíldshöfða 14
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf, Síðumúla 1
Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
Brim hf, Fiskislóð 14
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900, Höfðabakka 9
BSRB, Grettisgötu 89
Café Meskí, Fákafeni 9
Dalía, blómaverslun, Glæsibæ, Álfheimum 74
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Dansrækt JSB ehf, Lágmúla 9
Drífa efnalaug og þvottahús, Hringbraut 119
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eignamiðlunin ehf, Grensásvegi 11
Ernst & Young ehf, Borgartúni 30
Felgur smiðja ehf, Axarhöfða 16
Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
Ferðaskrifstofan VITA, Skógarhlíð 12
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland, Skútuvogi 12e
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti, Austurbergi 5
Forum lögmenn ehf, Aðalstræti 6
Fuglar ehf, Katrínartúni 2
Fulltingi slf, Höfðabakka 9
Garcia ehf, Laugarnesvegi 40
Garðs Apótek ehf, Sogavegi 108
GÁ húsgögn ehf, Ármúla 19
Gátun ehf bókhaldsþjónusta, Lágmúla 5
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun, Bíldshöfða 16
Geotek ehf, Álftamýri 69
Glerpró ehf, Hyrjarhöfða 2
Greitt, Borgartúni 25
Gróðrarstöðin Mörk, Stjörnugróf 18
Grænamörk, Mosgerði 23
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn, Skútuvogi 4
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
H. Jónsson ehf, bílaréttingar og sprautun, Smiðshöfða 14
H.G.G. - Heilsa ehf, Laugarásvegi 20
Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn, Bíldshöfða 18
Hársnyrtistofa Dóra, Langholtsvegi 128
Hársnyrtistofan Arnarbakka ehf, Arnarbakka 2
Helgason og Co ehf, Gylfaflöt 24-30
Herrafataverslun Birgis ehf, Fákafeni 11
Heyrnar og talmeinastöð Íslands
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Hjá Dóra ehf, matsala, Þönglabakka 1
Hjá GuðjónÓ ehf, Þverholti 13
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan, Ármúla 7b
Hollt og gott ehf, Fosshálsi 1
Hótel Frón ehf, Laugavegi 22a
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1
Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 37
Húsaklæðning ehf-www.husco.is, Kaplaskjólsvegi 93
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Höfði fasteignasala, Suðurlandsbraut 52
IG Ferðir ehf, Dugguvogi 10
Indiska verslun, Kringlunni 4-12
Intellecta ehf, Síðumúla 5
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Íslenska Gámafélagið ehf, Gufunesi
Íslenski barinn ehf, Ingólfsstræti 1a
Íslenskir aðalverktakar hf, Höfðabakka 9
Íþróttabandalag Reykjavíkur, Engjavegi 6
K·R·S·T Lögmenn, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 11
Kaffifélagið, Skólavörðustíg 10
Katla matvælaiðja ehf, Kletthálsi 3
Kemi ehf-www.kemi.is, Tunguhálsi 10
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 & Háaleitisbraut 58-60
Klipphúsið ehf, Bíldshöfða 18
Knattborðsstofan Klöpp ehf, Faxafeni 12
Knattspyrnufélagið Fram, Safamýri 26
KOM almannatengsl, Katrínartúni 2
Kone ehf, Lynghálsi 5
Kringlukráin, Kringlunni 4-6
Kryddlegin hjörtu, Hverfisgötu 33
Kvika banki hf, Borgartúni 25
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landsnet hf-www.landsnet.is, Gylfaflöt 9
Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
Landssamtök lífeyrissjóða, Guðrúnartúni 1
Landvernd, Þórunnartúni 6
Lásaþjónustan ehf, Gvendargeisla 86
Le Bistro - franskur bistro & vínbar, Laugavegi 12
Lemon - sælkera samlokur og sólskin í glasi
Lifandi vísindi, Klapparstíg 25
Local-www.localsalad.is
Lyfis ehf, Grensásvegi 22
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl., Sigtún 42
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 115
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Markó partners ehf, Katrínartúni 2
Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10
Mótamenn, Skútuvogi 11a
Myconceptstore, Laugavegi 45
N 32 ehf
Nasdaq Iceland, Laugavegi 182
Nauthóll bistro, Nauthólsvegi 106
Neytendasamtökin, Hverfisgötu 105
Nonnabiti, Hafnarstræti 11
Nostra ræstingar ehf, Sundaborg 11-13
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Opin kerfi ehf, Höfðabakka 9
Orka ehf, Stórhöfða 37
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pfaff hf, Grensásvegi 13
Pixel ehf, Ármúla 1
Potturinn og Pannan, Brautarholti 22,
Pósturinn, Stórhöfða 29
Prikið ehf, Bankastræti 12
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafsvið sf, Viðarhöfða 6
Rafver hf, Skeifunni 3e
Reki ehf, Höfðabakka 9
Renniverkstæði Ægis ehf, Lynghálsi 11
Reykjagarður hf, Fosshálsi 1
Reykjavik Residence Hotel, Laugavegi 182
Réttur - ráðgjöf & málflutningur, Klapparstíg 25-27
Rima Apótek, Langarima 21-23
Samiðn, samband iðnfélaga, Borgartúni 30
Samtals ehf, Kringlunni 7
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF, Nethyl 2e
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
SÍBS, Síðumúla 6
Sínus ehf, Grandagarði 1a
Sjávargrillið ehf, Skólavörðustíg 14
Sjúkraþjálfun Styrkur ehf, Höfðabakka 9
Sjúkraþjálfunarstöðin ehf, Þverholti 18
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
SM kvótaþing ehf, Tryggvagötu 11
Sólon Bistro, Bankastræti 7a
Spektra ehf, Laugavegi 178
Stansverk ehf, Hamarshöfða 7
Staukur ehf-leiktæki og sjálfsalar, Skipholti 56
Stál-Tech ehf, Tunguhálsi 10
Steypustöðin ehf, Malarhöfða 10
Stólpi gámar, Klettagörðum 5
Subway, Suðurlandsbraut 46
Suzuki þjónustan ehf, Skeifunni 17
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Borgartúni 35
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannlæknar Mjódd ehf, Þönglabakka 1
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen, Sólvallagötu 84
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsinn ehf, Hraunbergi 4
Tark - Arkitektar, Brautarholti 6
THG Arkitektar ehf, Faxafeni 9
Tiger Ísland ehf, Kringlan 4
Tjarnarskóli ehf, Lækjargötu 14b
Tóbaksverslunin Björk, Bankastræti 6
Trackwell hf, Laugavegi 178
Trésmiðja GKS ehf, Funahöfða 19
Túnþökuþjónustan ehf, s: 897 6651, Lindarvaði 2
Tækniverk - Hár og heilsa, Bergstaðastræti 13
Ullarkistan ehf, Laugavegi 25
Umslag ehf, Lágmúla 5
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Þverholti 30
VA arkitektar ehf, Borgartúni 6
Vagnasmiðjan ehf, Eldshöfða 21
Veislugarður ehf, veisluþjónusta, Lágmúla 4
Veitingahúsið Fiskfélagið, Vesturgötu 2a
Verkengi ehf, Gullengi 37
Verkfræðistofan Víðsjá ehf, Tryggvagötu 11
Verksýn ehf-www.verksyn.is, Síðumúla 1
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Kvosin, Aðalstræti 6-8
Verslunin Rangá, Skipasundi 56
Vélvík ehf, Höfðabakka 1
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Vilhjálmsson sf, heildverslun, Sundaborg 1
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76
Þvottahúsið A. Smith ehf, Bergstaðastræti 52
Þyrluþjónustan-www.helo.is, s: 561 6100, Mörkinni 3

## SELTJARNARNES

Íþróttafélagið Grótta, íþróttamiðstöðinni, Suðurströnd
Nesskip hf, Austurströnd 1

## VOGAR

Verslunin Vogum, Iðndal 2

## KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Alur blikksmiðja ehf, Smiðjuvegi 58
Bazaar Reykjavík ehf, Bæjarlind 6
Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf, Akralind 9
bilalokkun.is, Smiðjuvegi 68
Bílamálunin Varmi ehf, Auðbrekku 14
Bílasprautun og réttingar Auðuns, Auðbrekku 27
Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
BSA varahlutir ehf, Smiðjuvegi 4
CampEasy ehf, Smiðjuvegi 72
Elfa Guðmundsdóttir tannlæknir, s: 564 6250, Hlíðasmára 14
Fagtækni ehf, Akralind 6
Fasteignamiðstöðin ehf, Hlíðasmára 17
Flugfreyjufélag Íslands, Hlíðasmára 15
GG Sport, Smiðjuvegi 8, græn gata
goddi.is, Auðbrekku 19
Hafið-fiskverslun ehf, Hlíðasmára 8
Hjörtur Eiríksson sf, Daltúni 1
Hvellur-G.Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Iðnvélar ehf, Smiðjuvegi 44
ÍSA stál, Skemmuvegi 28 L
Jarðtækni ehf, Þorrasölum 1
Járnsmiðja Óðins, Smiðsbúð 6
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
KK veitingar Kínahofið, Nýbýlavegi 20

Klukkan, úr og skartgripir, Hamraborg 10
Landmótun sf, Hamraborg 12
Libra ehf, Bæjarlind 2
Litalausnir málningarþjónusta ehf, Hrauntungu 8
Línan ehf, Bæjarlind 14-16
Loft og raftæki ehf, Hjallabrekku 1
MHG verslun ehf, Akralind 4
Motiv mynd, ljósmyndaþjónusta
Nobex ehf, Hlíðasmára 6
Pottagaldrar ehf, Laufbrekku 18
Rafbraut, Dalvegi 16b
Rafholt ehf, Smiðjuvegi 8
Rafnar ehf, Vesturvör 32b
Rafvirkni ehf, Akralind 9
Rakarastofan Herramenn, Neðstutröð 8
Ráðgarður, skiparáðgjöf ehf, Hamraborg 1
Réttingaverkstæði Jóa ehf, Dalvegi 16a
Rótor ehf, verslun, Bæjarlind 6
Skilaborg ehf bókhaldsþjónusta, Hlíðasmára 19
Slökkvitækjaþjónustan ehf, Bakkabraut 16
Sports Direct, Skógarlind 2
Stapafell ehf, Ásbraut 21
Tambi ehf, Ásbraut 9
Ungmennafélagið Breiðablik, Dalsmára 5
Útfararstofa Íslands ehf, Auðbrekku 1
Vatnsvirkinn, www.vatnsvirkinn.is, Smiðjuvegi 11
Verifone á Íslandi ehf, Hlíðasmára 12
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf, Dalvegi 16d

## GARÐABÆR

Aflbinding-Járnverktakar ehf, Lyngási 8
Bílasprautun Íslands ehf, Lyngási 12
Garðabær, Garðatorgi 7
Hjallastefnan ehf, Lyngási 11
Loftorka ehf, Miðhrauni 10
Samhentir, Suðurhrauni 4
Smurstöðin Garðabæ ehf, Litlatúni 1
Val - Ás ehf, Suðurhrauni 2
Versus bílaréttingar og málun, Suðurhrauni 2
Vörukaup ehf, heildverslun, Miðhrauni 15
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

## HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf, Drangahrauni 14
Allianz á Íslandi hf, Dalshrauni 3
Apótek Hafnarfjarðar, Tjarnarvöllum 11
Ás, fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17
Batteríð Arkitektar ehf, Hvaleyrarbraut 32
Efnamóttakan hf, Berghellu 1
Eiríkur og Einar Valur ehf, Norðurbakka 17b
Eldvarnarþjónustan ehf, Móabarði 37
Essei ehf, Hólshrauni 5
Fjarðargrjót ehf, Furuhlíð 4
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8
Geymsla Eitt ehf, Steinhellu 15
H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Hagmálun slf, Erluási 56
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Ican-Beykireykt þorsklifur ehf, Fornubúðum 5
Jarðfræðistofan ehf, Holshrauni 7
Mynstrun ehf, Herjólfsgötu 20
Netorka hf, Bæjarhrauni 14
Opal Sjávarfang ehf, Grandatröð 4
Rafgeymasalan ehf, Dalshrauni 17
SJ Tréverk ehf, Melabraut 20
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Skipakostur slf, Miðhellu 4
Smyril Line Ísland ehf, Fornubúðum 5
Snyrtistofa Rósu ehf, Fjarðargötu 13-15
Strendingur ehf, Fjarðargötu 13 -15
Tannlæknastofa Ágústs J Gunnarssonar sf, Reykjavíkurvegi 66
ThorShip, Selhellu 11
Umbúðamiðlun ehf, Fornubúðum 3
Úthafsskip ehf, Fjarðargötu 13-15
Útvík hf, Eyrartröð 7-9
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkvík - Sandtak ehf, Rauðhellu 3
Vélsmiðjan Altak ehf, Drangahrauni 1
VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20

## REYKJANESBÆR

Allt Hreint ræstingar ehf, Holtsgötu 56
B & B Guesthouse, Hringbraut 92a
Bílar og Hjól ehf, Njarðarbraut 11a
Blikksmiðja Davíðs slf, Borgarvegi 52
Bústoð ehf, Tjarnargötu 2
Dacoda ehf, Krossmóa 4a
DMM Lausnir ehf, Hafnargötu 91
Happy Campers bílaleiga, Stapabraut 21
Hótel Keflavík ehf, Vatnsnesvegi 12
Lyfta ehf, Njarðarbraut 1k
M² Fasteignasala & Leigumiðlun, Hólmgarði 2c
Netaverkstæði Suðurnesja ehf, Brekkustíg 41
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945
Skipting ehf, Grófinni 19
Skólamatur ehf, Iðavöllum 1
Skólar ehf, Flugvallarbraut 752
Sporthúsið Reykjanesbæ, Flugvallarbraut 701
Starfsmannafélag Suðurnesja, Krossmóum 4
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli
Toyota Reykjanesbæ
Útfaraþjónusta Suðurnesja, Vesturbraut 8
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Krossmóa 4a
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Hafnargötu 90
Vökvatengi ehf, Fitjabraut 2

## GRINDAVÍK

E.P.verk ehf, Efstahrauni 27
EVH verktakar ehf, Tangasundi 1
Maron ehf, Steinási 18
Veitingastofan Vör ehf, Hafnargötu 9
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

## SANDGERÐI

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8
Hvalsnessókn
Vélsmiðja Sandgerðis ehf, Vitatorgi 5
Þensla ehf, Strandgötu 26

## GARÐUR

Aukin Ökuréttindi ehf, Ósbraut 5

## MOSFELLSBÆR

Afltak ehf, Völuteigi 1
Dalsbú ehf, Helgadal
Elmir-teppaþjónusta ehf, Arnartanga 52
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf, Þverholti 2
GT-bílar ehf, Bollatanga 8
María Norðdahl, Björtuhlíð 2
Mosfellsbakarí, Háholti 13-15
Sjöund slf, Uglugötu 7
Pegasos, Litlakrika 34,

## AKRANES

Bílver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1
Brauða- og kökugerðin ehf, Suðurgötu 50a
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 12
Galito veitingastaður, Stillholti 16-18
Gallerý Snotra ehf, Kirkjubraut 5
Grastec ehf, Einigrund 9
Hafsteinn Daníelsson ehf, Geldingaá
Hús og bátar ehf, Esjuvöllum 21
Meitill ehf, Katanesvegi 3, Grundartanga
Ritari ehf, Stillholti 16-18
Skipaskagi ehf, Litlu-Fellsöxl
Straumnes ehf, rafverktakar, Jörundarholti 101

## BORGARNES

Blómasetrið - Kaffikyrrð, Skúlagötu 13
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Borgarverk, Flesjustöðum
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Garðyrkjustöðin Laugaland hf, Laugalandi
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Límtré Vírnet ehf, Borgarbraut 74
PJ byggingar ehf, Hvannaeyrargötu 3
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Bjarnarbraut 8
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness sf, Sólbakka 5
Tannlæknastofa Hilmis ehf, Berugötu 12
Velverk ehf, Brúarhrauni

## STYKKISHÓLMUR

Ásklif ehf, Smiðjustíg 2

## GRUNDARFJÖRÐUR

Grundarfjarðarbær, Borgarbraut 16
HSH héraðssamband
Þjónustustofan ehf, Grundargötu 30

## ÓLAFSVÍK

Kvenfélag Ólafsvíkur
Steinunn ehf, Bankastræti 3
Útgerðarfélagið Guðmundur ehf, Brautarholti 18

## HELLISSANDUR

Skarðsvík ehf, Helluhóli 1

## BÚÐARDALUR

Rafsel Búðardal ehf, Vesturbraut 20c

## REYKHÓLAHREPPUR

Reykhólahreppur, Maríutröð 5a
Þörungaverksmiðjan hf

## ÍSAFJÖRÐUR

Bakarinn ehf, Silfurgötu 11
Harðfiskverkun Finnboga, s: 456 3250, Sindragötu 9
Jón og Gunna ehf, Austurvegi 2
Orkubú Vestfjarða ohf, Stakkanesi 1
Sjúkraþjálfun Vestfjarða, Eyrargötu 2
Studió Dan ehf. Ráðgjafa- og nuddsetrið, Hafnarstræti 20
Vesturferðir ehf, Aðalstræti 7

## BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf, Aðalstræti 19
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8

## SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

## PATREKSFJÖRÐUR

Eyfaraf ehf, Sigtúni 4
Verslunin - bakaríið Albína, Aðalstræti 89
Vesturbyggð
Villi Á ehf, Aðalstræti 122

## TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40

## BÍLDUDALUR

Íslenska kalkþörungafélagið ehf, Hafnarteigi 4

## STAÐUR

Kvenfélagið Iðunn, Borðeyri

## BLÖNDUÓS

Kvenfélag Svínavatnshrepps
Stéttarfélagið Samstaða, Þverbraut 1
Vilko ehf, Húnabraut 33

## SKAGASTRÖND

Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf, Einbúastígur 2
Skagabyggð, Höfnum
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3

## SAUÐÁRKRÓKUR

K-Tak ehf, Borgartúni 1
Lykill sf, Lerkihlíð 3
Ó.K. Gámaþjónusta-sorphirða ehf, Borgarflöt 15
Skinnastöðin hf, Syðri-Ingveldarstöðum
Trésmiðjan Ýr ehf, Aðalgötu 24a

## VARMAHLÍÐ

Akrahreppur Skagafirði
Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði

## SIGLUFJÖRÐUR

Fjallabyggð, Gránugötu 24
Primex ehf, Óskarsgötu 7

## AKUREYRI

Akureyrarbær, Geislagötu 9
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf, Fjölnisgötu 2a
Bílasalan Ós ehf, Óseyri 5
Blikk- og tækniþjónustan ehf, Kaldbaksgötu 2
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Byggingarfélagið Hyrna ehf, Sjafnargöu 3
Eining-Iðja, Skipagötu 14
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is, Smáratúni 16b
Grófargil ehf, Glerárgötu 36
HSH verktakar ehf, Skarðshlíð 7
Höldur ehf, bílaleiga, Tryggvabraut 12
Jafnréttisstofa, Borgum v/Norðurslóð

Kranabílar Norðurlands, Daggarlundi 18
La Vita é Bella Veitingastaður, Hafnarstræti 92
Malbikun KM ehf, Óseyri 8
Norðurorka hf, Rangárvöllum
Norlandair ehf, Akureyrarflugvelli
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf, Melateigi 31
Purity Herbs snyrtivörur ehf, Freyjunes 4
Raftákn ehf - Verkfræðistofa, Glerárgötu 34
Samherji ehf, Glerárgötu 30
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Skútaberg ehf, Sjafnarnesi 2-4
Sportver ehf, Glerártorgi, Gleráreyrum 2
Steypustöð Akureyrar ehf, Sjafnarnesi 2-4
Tannlæknastofa Árna Páls, Mýrarvegi
Tannlæknastofa Mörthu Hermannsdóttur, Þórunnarstræti 114
Urtasmiðjan ehf-www.urtasmidjan.is, s: 462 4769, Fossbrekku
Þverá, Eyjafjarðarsveit
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

## GRENIVÍK
Grýtubakkahreppur

## DALVÍK
Bruggsmiðjan Kaldi ehf, Öldugötu 22
EB ehf, Gunnarsbraut 6

## HRÍSEY
Hvammsfiskur ehf

## HÚSAVÍK
Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66
Fatahreinsun Húsavíkur sf, Túngötu 1
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf-www.fjallasyn.is, Smiðjuteigi 7
Heimabakarí Húsavík, Garðarsbraut 15
Hólmfríður Eiríksdóttir, Brekku
Skóbúð Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 13
Steinsteypir ehf, Haukamýri 3
Tjörneshreppur, Ytri-Tungu
Víkurraf ehf, Garðarsbraut 18a

## MÝVATN
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6
Vogar, ferðaþjónusta, Vogum

## KÓPASKER
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, Skinnastað

## RAUFARHÖFN
Önundur ehf, Aðalbraut 41a
Þórshöfn
Geir ehf, Sunnuvegi 3

## BAKKAFJÖRÐUR
Hraungerði ehf, Hraunstíg 1

## EGILSSTAÐIR
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf, Miðvangi 2-4
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Gunnarsstofnun, Skriðuklaustri
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Klausturkaffi ehf, Skriðuklaustri
Miðás ehf, Miðási 9
Rafey ehf, Miðási 11
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf, Fagradalsbraut 11
Ökuskóli Austurlands sf, Lagarfelli 11

## SEYÐISFJÖRÐUR
PG stálsmíði ehf, Fjarðargötu 10
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

## REYÐARFJÖRÐUR
Tærgesen, veitinga- og gistihús
735Eskifjörður
Egersund Ísland ehf, Hafnargötu 2
Eskja hf, Strandgötu 39
Fjarðaþrif ehf, Strandgötu 46c
Lindin fasteignir, Eskifirði
Tanni ferðaþjónusta ehf, Strandgötu 14

## NESKAUPSTAÐUR
Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6
Verkmenntaskóli Austurlands, Mýrargötu 10

## FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59
Vöggur ehf, Grímseyri 11

## STÖÐVARFJÖRÐUR
Brekkan - Verslun og veitingastofa, Fjarðarbraut 44
Djúpavogur
Berufjarðarkirkja
Fornustekkar ehf, Þiljuvöllum
S.G.Vélar ehf, verkstæði, Mörk 6

## HÖFN Í HORNAFIRÐI
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, Nýheimum
H. Christensen ehf, Kirkjubraut 42
Skinney-Þinganes hf, Krossey
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27
Uggi SF-47, Fiskhóli 9
Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10
Ögmund ehf, Hafnarbraut 72

## SELFOSS
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Bisk-verk ehf, Bjarkarbraut 3, Reykholti
Byggingafélagið Laski ehf, Gagnheiði 9
Flóahreppur, Þingborg
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Hótel Geysir, Haukadal
Hótel Gullfoss, Brattholti
K.Þ Verktakar ehf, Hraunbraut 27
Kvenfélag Gnúpverja
Kvenfélag Grímsneshrepps
Óskabirki hótel og gistiheimili, Birkivöllum 14
Písl ehf, Grenigrund 13
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Reykhóll ehf, Reykhóli
Skóbúð Selfoss - Axel Ó
Tannlæknaþjónustan.is, Reykjavík, Selfossi og Hellu
Veiðisport ehf, Eyravegi 15
Österby-hár, Austurvegi 33-35

## HVERAGERÐI
Bíl-X ehf, bifreiðaverkstæði, Austurmörk 11
Hótel Örk, Breiðumörk 1c
Hveragerðiskirkja

## ÞORLÁKSHÖFN
Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1

## ÖLFUS
Eldhestar ehf, Völlum
Ingólfsskáli ehf, s: 662-3400, Efstalandi

## STOKKSEYRI
Bjartás slf, Heiðarbrún 20
Fjöruborðið, Eyrarbraut 3a

## LAUGARVATN
Menntaskólinn að Laugarvatni

## FLÚÐIR
Hrunamannahreppur
Kvenfélag Hrunamannahrepps, Hrepphólum
Varmalækur ehf, Laugalæk

## HVOLSVÖLLUR
Gamla fjósið ehf, Hvassafelli

## VÍK
Hópferðabílar Suðurlands sf, Mánabraut 14
Hótel Katla, Höfðabrekku
Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

## KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Geirland ehf, hótel og veitingarekstur
Hótel Laki, Efri-Vík
Skaftárhreppur, Klausturvegi 10
Systrakaffi ehf, Klausturvegi 13

## VESTMANNAEYJAR
Bragginn sf, bílaverkstæði, Flötum 20
D.Þ.H ehf, sjúkraþjálfun, Hólagötu 12
Guðmunda Hjörleifsdóttir, Vesturvegi 10
Kranabílaþjónustan ehf, Strandvegi 97
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Skólavegi 2
Miðstöðin ehf, Strandvegi 30
Ós ehf, Illugagötu 44
Skýlið, Friðarhöfn
Útgerðarfélagið Már ehf, Illugagötu 46
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu


**GLÆÐIR**

**-áburðarvökvi úr klóþangi!**

**GLÆÐIR** er mjög næringarríkur áburðarvökvi sem hentar til notkunar á **grasflatir, íþrótta- og golfvelli, tré, runna, úti- og inniplöntur, kartöflur og flestan annan gróður**. GLÆÐIR er seldur í 1, 5, 10, og 20 lítra brúsum, 120 lítra tunnu og 1000 lítra tanki.

Nánari upplýsingar um efnið og notkun þess fást hjá útsöluaðilum




**Glæðir er seldur í blómabúðum**

Framleiðandi Guðjón D. Gunnarsson Reykhólum.
S: 434 7785 og 866 9386

# BÓNUS ÁN TÓBAKS

# Í 29 ÁR

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Betolvex

## $B_{12}$-vítamín

- Með ströngu grænmetisfæði
- Með hækkandi aldri
- Vegna glúteinóþols
- Samhliða ýmsum lyfjameðferðum






**Betolvex 1 mg (cyanocobalamin) filmuhúðaðar töflur.**

Hver Betolvex tafla inniheldur 1 mg af cyanocobalamini ($B_{12}$ vítamíni) sem er lífsnauðsynlegt vítamín t.d. fyrir eðlilega frumuskiptingu, eðlilega blóðmyndun og eðlilega starfsemi tauga. Betolvex er gefið við $B_{12}$-vítamínskorti og þegar hætta er á slíkum skorti. Meðferð við skorti: Venjulega 2 töflur 2 sinnum á dag þar til skorturinn hefur verið leiðréttur að fullu. Viðhaldsskammtar/fyrirbyggjandi meðferð: Venjulega 1 tafla á dag. Töflurnar skal helst taka á fastandi maga. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis eða leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

**Fæst án lyfseðils**

Actavis

ACTAVIS / 714001